FRÉTTABLAÐIÐ

72. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 14. APRÍL 2021

Eldtungurnar í Geldingadölum dansa fyrir ljósmyndara. Tvö ný gosop opnuðust á svæðinu í gærmorgun. Ný rannsókn sýnir að brennisteinssýra í andrúmsloftinu frá eldgosinu í Holuhrauni árið 2014 hafi lagst á fólk með öndunarfærasjúkdóma, einkum aldraða. Þótt gosið í Geldingadölum sé miklu minna er það mun nær þéttbýlinu. Sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Líklegt að undanskot aukist

Framkvæmdastjóri Domino's segir sligandi launakostnað orsaka að fleiri borgi laun svart. Gagnrýnir launahækkanir síðustu kjarasamninga sem engin innistæða hafi verið fyrir og kallað á verðhækkanir.

VIÐSKIPTI Líklegt er að skattaundanskot í formi svartra launagreiðslna aukist á næstu misserum meðal smærri aðila á veitingamarkaði vegna sligandi launakostnaðar, að sögn Birgis Arnar Birgissonar, fráfarandi framkvæmdastjóra Domino's á Íslandi.

„Við erum að sjá dæmi þess að furðulegir hlutir eru að gerast í geiranum. Eitt fyrirtæki í veitingarekstri, sem treystir meðal annars á nætursölu, birti ársreikning nýlega þar sem launahlutfall var 12 prósent af veltu, langt undir þeim rúmlega 40 prósentum sem eru almennt í geiranum á Íslandi.

Þegar rekstraraðili veitingahúss birtir ársreikning með 12 prósenta launahlutfall, þýðir það annað hvort að viðkomandi er margfalt betri í rekstri en allir samkeppnisaðilar og geirinn í heild sinni. Eða þá að þeir geta ekki sýnt hærra launahlutfall í reikningum vegna þess að stór hluti launa er greiddur undir borðið. Dæmi hver fyrir sig," segir Birgir Örn í miðopnuviðtali Markaðarins.

Birgir Örn nefnir að fyrir um 15 til 20 árum hafi veitingageirinn greitt mikið af svörtum launum: „Það nánast útrýmdist þegar virðisaukaskattur var lækkaður á veitingarekstur. Þá settu menn allar tekjur á borðið og fóru að reka þetta á eðlilegan og heiðarlegan hátt.

> **Nú virðist bera á því, einkum meðal smærri rekstraraðila, að laun starfsmanna eru gerð upp undir borðið.**

Birgir Örn Birgsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Domino's á Íslandi

Nú virðist bera á því, einkum meðal smærri rekstraraðila, að laun starfsmanna eru gerð upp undir borðið. Þetta er vegna uppbyggingar kjarasamninga þar sem yfirvinnutaxtar leggjast einfaldlega of þungt á veitingageirann," segir hann. **thg / sjá Markaðinn**

Fiskisund og Birta stærst í útboði Play

VIÐSKIPTI Fjárfestingafélagið Fiskisund og lífeyrissjóðurinn Birta eru í hópi þriggja stærstu hluthafa Play í kjölfar hlutafjárútboðs hins verðandi flugfélags, hvort um sig með nærri 15 prósenta eignarhlut. Fiskisund og Birta fjárfestu bæði fyrir tæplega einn milljarð króna.

Aðrir helstu hluthafar Play eru meðal annars fjárfestingafélagið Stoðir, sem skráði sig fyrir yfir 600 milljónum í útboðinu og eignast við það um 9 prósenta hlut, tryggingafélagið VÍS og sjóðir í stýringu Akta.

Félagið FEA, sem varð eigandi alls hlutafjár í Play fyrir ári, er enn stærsti hluthafi Play með meira en fimmtungshlut. **– hae / sjá Markaðinn**

Viltu krónur í bónus?

heimkaup

Freyja fagnar svörum Barnaverndar.

Freyja hæf sem fósturforeldri

JAFNRÉTTISMÁL Barnaverndarstofa hefur gefið Freyju Haraldsdóttur þau svör að hún sé hæf til að vera fósturforeldri. Freyja sótti fyrst um að gerast fósturforeldri árið 2014 en var þá hafnað af Barnaverndarstofu. Hún kærði þá niðurstöðu til úrskurðarnefndar velferðarmála sem staðfesti niðurstöðu Barnaverndarstofu. Næst fór málið til dómstóla og endaði í Hæstarétti með sigri Freyju.

„Þetta er auðvitað búið að vera langt og strangt ferli, erfitt og órétt-látt, en það er bara ótrúlega gott að það er komin niðurstaða og ég trúi því að þetta sé alveg þess virði og ég hlakka til að takast á við það hlutverk að verða vonandi sem fyrst fósturforeldri," segir Freyja í samtali við Fréttablaðið.

Frá því að dómurinn féll hefur Freyja farið á námskeið fyrir verðandi fósturforeldra sem lauk í fyrra og nú er hún komin á lista yfir fósturforeldra. **– fbl**

Vorboðinn ljúfi

Vorboða mátti sjá víða í Reykjavík í gær. Sólin skein, lóan er komin, borgarbúar drukku kaffið úti og þessir tignarlegu herramenn skelltu sér á mótorhjól í Lækjargötunni í góða veðrinu. Búast má við fínu veðri í borginni aftur í dag. Bjartviðri og hita allt að átta stigum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ræða áhrif nýrra reglna um einnota plastvörur

UMHVERFISMÁL Þann 3. júlí næstkomandi tekur gildi lagaákvæði sem hefur það að markmiði að setja þeim einnota plastvörum sem algengast er að finnist sem rusl á ströndum takmörk. Þá verða einnota vörur sem innihalda plast ýmist bannaðar af markaði, ekki afhentar án endurgjalds eða merkingarskyldar. Einnig verða einnota plastflöskur að lágmarki að vera úr 25 prósent endurunnu plasti.

Í dag fer fram veffyrirlestur á vegum Samtaka verslunar og þjónustu þar sem dr. Gró Einarsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, mun fara yfir lögin, áhrif þeirra og mögulegar lausnir.

„Að stærstum hluta verður það á ábyrgð fyrirtækja að fylgja þessum lagaákvæðunum og bjóða upp á lausnir," segir Gró aðspurð um hvaða breytingar lögin muni hafa í för með sér fyrir almenna neytendur. „Við höfum verið að flokka mögulegar

Gró Einarsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

lausnir eftir þeim umhverfislega ávinningi sem þær hafa."

Á heimasíðunni samangegnsoun.is má finna nokkrar lausnir sem flokkaðar hafa verið sem grænar, gular eða rauðar eftir því hve umhverfisvænar þær eru. „Við viljum einna helst hvetja fyrirtæki til að innleiða hringrásarlausnir sem hafa hvað best áhrif á umhverfið," segir Gró. „Það er spurning hvort markaðurinn muni vakna til lífsins og bjóða upp á fleiri deiliþjónustur á þessum vörum sem verið er að takmarka."

Hægt er að skrá sig á fyrirlesturinn á svth.is. **– atv**

Bætir við sig fólki þótt faraldur sé enn í gangi

Hugbúnaðarfyrirtækið Godo, sem sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir ferðaþjónustufyrirtæki, hefur ráðið fimm nýja starfsmenn og vill svo til að það eru allt konur. Heimsfaraldurinn valdi nýjum kröfum frá ferðamönnum.

FERÐAÞJÓNUSTA „Við vorum ekkert sérstaklega að leita að konum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að ráða hæfasta fólkið sem hentar hverju sinni, óháð kyni, aldri eða öðru, og það var í raun skemmtileg tilviljun að þetta hafi allt verið konur," segir Katrín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Godo, en fyrirtækið tilkynnti á mánudag að það hefði ráðið inn fimm nýja starfsmenn, allt konur.

Godo er hugbúnaðarfyrirtæki sem sinnir ferðaþjónustufyrirtækjum á ýmsan hátt. Vegna bættrar verkefnastöðu, bæði hér á Íslandi og erlendis, þurfti að bæta við fólki en það hafa ekki mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu verið að ráða fólk að undanförnu.

„Við fengum ótrúlegan fjölda frambærilegra umsókna enda hafa margir sem starfað hafa við ferðaþjónustu misst vinnuna á undanförnu ári. Þessar konur urðu fyrir valinu, allt konur sem hafa unnið lengi í bransanum og koma því með mikla og góða og jafnvel nýja reynslu inn í okkar fyrirtæki sem verður því til framdráttar," segir Katrín. Alls starfa 45 manns hjá Godo, þar af 20 hér á Íslandi.

Katrín segir að kröfur ferðamanna nú töluvert breyttar frá því áður. Vaxandi kröfur um snertilaus viðskipti og aukið rými á gististöðum séu afleiðing kórónaveirufaraldursins.

Þannig hafa miklar tækniframir orðið í ferðaþjónustunni þar sem rekstraraðilar hafa verið duglegir að uppfæra kerfi og taka upp ný til að mæta breyttum áherslum í kjölfar heimsfaraldursins.

„Þannig lítur út fyrir að ferðaskrifstofur eigi eftir að koma sterkar

Katrín Magnúsdóttir segir kröfur um snertilaus viðskipti og aukið rými á gististöðum afleiðingu kórónaveirufaraldursins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> **Þessar konur urðu fyrir valinu, allt konur sem hafa unnið lengi í bransanum og koma því með mikla og góða og jafnvel nýja reynslu inn í okkar fyrirtæki sem verður því til framdráttar.**
>
> Katrín Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Godo

inn í nánustu framtíð þar sem fólk vill tryggt ferðaöryggi, hreinlæti og að allir bókunarskilmálar séu sveigjanlegir," segir hún.

Godo, sem þjónustar flest hótel og gististaði landsins með einum eða öðrum hætti er einnig með starfsemi erlendis. Katrín segist sakna þess að hitta ekki fólkið þar ytra en starfsemin gangi vel með fjarfundum og öðrum tæknilegum útfærslum á samvinnunni.

„Okkar lausnir hafa verið teknar í notkun víða erlendis en því fylgir töluverð þróun, enda ekki gerðar sömu kröfur á Íslandi og í Suður-Afríku til dæmis."

Hjá Godo var tekin sú ákvörðun að draga ekki saman seglin á tímum COVID-19 heldur var settur enn meiri fókus á frekari þróun á kerfum fyrirtækisins og að stórauka þjónustu við viðskiptavini. „Vegferð ferðaþjónustunnar inn í nýja framtíð er stafræn og þar stöndum við vel," segir Katrín.

benediktboas@frettabladid.is

Elskarðu að hangsa?
fatboy
fatboy
fatboy®
Fatboy hengirúmin eru fullkominn staður til þess að hanga á og hvílast.
Hvort sem er inni eða úti, heima eða uppi í bústað, **Headdemock** hengirúmið frá **Fatboy** elskar að hangsa með þér.
Verð 84.900 kr.
Fatboy | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588 1955 | sekkur.is

Hafnarfjarðarbær samþykkir að taka sex smáhýsi í notkun

SKIPULAGSMÁL Fjölskylduráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt að taka í notkun sex smáhýsi sem tímabundið búsetuúrræði fyrir einstaklinga með alvarlegan geð- og vímuefnavanda. Miðað verði við hugmyndafræði sem gengur undir heitinu „Housing first“ skaðaminnkun og valdeflingu og lögð áhersla á að veita stuðning og virkniúrræði samhliða búsetuúrræði.

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri á Fjölskyldu- og barnamálasviði bæjarins, segir að þetta sé jákvætt fyrsta skref.

„Fjölskylduráð hefur verið áhugasamt um þetta mál og leitað leiða og haldið málinu gangandi. Ráðið fundaði í síðustu viku sem endaði með bókun sem við munum nú vinna eftir,“ segir hún.

Rannveig bendir á að sveitarfélögin í landinu beri ákveðnar skyldur gagnvart sínum íbúum og ekki síst þeim sem þurfa mikinn stuðning. Umboðsmaður Alþingis hefur einmitt vakið athygli á því.

„Við í Hafnarfirði höfum verið að leita leiða undanfarið um hvað sé heppilegast að gera. Það er ákveðinn hópur, sem er misstór á hverjum tíma, sem er í þeim vanda að eiga ekki þak yfir höfuðið og við höfum leitað leiða um aðgerðir. Við höfum horft til Reykjavíkur og Akureyrar með þessi smáhýsi og fylgst með umræðunni.“

Sex smáhýsi munu rísa í Hafnarfirði fyrr en síðar. MYND/AÐSEND

Hún segir aðferðafræðina, Housing first, þýða að íbúar geti haft þak yfir höfuðið áður en hægt sé að veita þeim aðstoð.„Nú verður farið af stað í að finna staðsetningu og hvað þetta kostar og ýmislegt fleira.Þetta er ekki einfalt mál og trúlega engin ein leið rétt í þessu “ segir Rannveig. – bb

Gistinætur á hótelum voru 54 þúsund í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Færri gistinætur

FERÐAÞJÓNUSTA Gistinóttum á hótelum á Íslandi fækkaði um 69 prósent í mars á þessu ári sé miðað við sama mánuð í fyrra.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar voru gistinætur á hótelum 54 þúsund talsins nú í mars, í fyrra voru þær 174.500 í sama mánuði. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Mikill meirihluti gesta var Íslendingar, sem gistu í tæplega 42 þúsund nætur, og gistinætur útlendinga voru tæplega þrettán þúsund. – bdj

Lög um rekstur félaga ekki skýr

STJÓRNSÝSLA Ákvæði skortir um heimildir sveitarfélaga til að stofna og eiga einkaréttarleg félög á borð við hlutafélög. Þetta kemur fram í nýju áliti setts umboðsmanns Alþingis.

Þar kemur fram að sérstakar reglur og viðmið sem gildi um meðferð sveitarfélaga á fjármunum og eignum virðist ekki setja sveitarfélögum mörk um hvernig þau koma að stofnun og rekstri félaga.

Umboðsmaður segir einnig að lögin nái ekki yfir hvaða heimildir sveitarstjórn fari með gagnvart félögunum og hvaða umboð framkvæmdastjóri sveitarstjórnar hafi til að taka ákvarðanir sem handhafi eigendavalds í félögunum.

– atv

Æfðu árekstur farþegaskips og olíuflutningaskips í netheimi

Strandgæslur á norðurslóðum æfðu saman viðbragð við stórum skipaárekstri norðan við Ísland. Vegna faraldursins var æfingunni frestað og hún færð í netheima. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir björgun mannslífa í hæsta forgangi, þá björgun umhverfisins og að lokum björgun verðmæta.

UTANRÍKISMÁL Í dag lýkur björgunaræfingu norðurslóðaríkjanna, Arctic Guardian. Í æfingunni, sem hófst á mánudag, eru æfð viðbrögðin við því þegar stórt olíuflutningaskip og farþegaskip með 250 farþega rekast saman norðan við Ísland.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir æfinguna hafa gengið sérlega vel. Á annað hundrað þátttakendur frá strandgæslum norðurslóðaríkjanna og samstarfsstofnana hafa tekið þátt í henni.

Upphaflega átti æfingin að fara fram á Norðurlandi en var frestað og hún færð yfir í netheima vegna faraldursins. Mikill undirbúningur hefur staðið yfir í allan vetur og fjarfundirnir orðnir margir.

„Undirbúningur hefur verið umfangsmeiri, tímafrekari og flóknari,“ segir Georg aðspurður um hvernig sé að halda svona æfingu á netinu. „Við höfum lært alveg geysilega mikið af þessu ferli öllu. Nú vitum við að þetta er aðferð sem hægt er að nota án þess að þurfa að fara í dýr og tímafrek ferðalög.

Hann segir að stofnanirnar muni búa að þessari reynslu og halda þróuninni áfram. Verklegar æfingar séu þó enn þá mikilvægar.

Í æfingunni er unnið með þrjár sviðsmyndir sem þarf að samræma, leit, björgun og mengunarvarnir. Hver og ein þjóð miðlar sinni reynslu og tillögu að lausnum, en auk Íslands taka hinar Norðurlandaþjóðirnar, Bandaríkjamenn, Kanadamenn og Rússar þátt í æfingunni.



Æfður var árekstur olíuflutninga- og farþegaskips. MYND/NORÐURSLÓÐARÁÐIÐ

„Í fyrsta lagi er lögð áhersla á björgun mannslífa. Þegar því er lokið færist áherslan yfir í björgun umhverfis og að lokum björgun verðmæta,“ segir Georg um forgangsröðunina. „Ef árekstur olíuflutningaskips og farþegaskips yrði hér við land væru skip og loftför Landhelgisgæslunnar kölluð út sem og einingar á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar auk skipa í grennd við slysstaðinn. Í kjölfarið kæmu tæki og mannafli frá systurstofnunum okkar að utan.“

Georg segir helstu áskorunina í verkefni sem þessu umfangið. Fjöldi fólks sem þyrfti að bjarga á ýmsum aldri og í ýmsu ástandi yrði gríðarlegur. Önnur áskorunin er hið gríðarlega mikla magn olíu sem fer í sjóinn. Fyrstu íslensku viðbragðsaðilarnir gætu verið komnir á vettvang innan nokkurra klukkustunda en gert er ráð fyrir að það taki allt að sólarhring að koma stærri einingum á staðinn. Að fá erlenda aðstoð getur tekið tvo til fimm sólarhringa.

> **Slys sem þetta væri af þeirri stærðargráðu að íslenskt viðbragðskerfi myndi ekki ráða við það og því væri mikilvægt að fá aðstoð að utan.**

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar

„Slys sem þetta væri af þeirri stærðargráðu að íslenskt viðbragðskerfi myndi ekki ráða við það og því væri mikilvægt að fá aðstoð að utan,“ segir Georg. „Öll norðurslóðaríkin væru í sömu stöðu og við og yrðu að treysta á utanaðkomandi aðstoð. Af þeim sökum er afar brýnt að standa fyrir æfingu sem þessari svo hægt sé að æfa og samræma viðbrögðin ef stórslys verður hér eða annars staðar.“ Því sé samstarf sem þetta afar þýðingarmikið.

Eftir æfinguna lýkur Landhelgisgæslan formennsku í samtökum strandgæslu á norðurslóðum og Rússar taka við. „Heimsfaraldurinn hefur þvingað okkur til að nýta tæknina og fyrir vikið hefur reynst unnt að eiga tíðari samskipti við systurstofnanir okkar en annars hefði verið,“ segir Georg og að Landhelgisgæslan geti verið stolt af sinni formennskutíð.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI SWIFT

FJÓRHJÓLADRIFINN*, FRAMHJÓLADRIFINN, HYBRID, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR

Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir aksturseiginleikar, afl, sparneytni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift

KOMDU Í HEIMSÓKN OG VELDU SWIFT SEM HENTAR ÞÉR

VERÐ FRÁ KR.
2.830.000

*Suzuki Swift 4x4 er eingöngu beinskiptur

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

Suzuki á Íslandi YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Bólusetningum með bóluefni Janssen frestað

COVID-19 Bólusetningu með bóluefni Janssen gegn COVID-19 verður frestað hér á landi þar til frekari upplýsingar liggja fyrir um hugsanlegar aukaverkanir af völdum notkunar þess.

Fyrstu skammtarnir af efninu koma til hingað til lands í dag en bandaríska lyfjafyrirtækið Johnson & Johnson, sem framleiðir bóluefnið, hefur ákveðið að fresta dreifingu á því í Evrópu.

Í gær fór lyfjaeftirlit og sóttvarnaeftirlit Bandaríkjanna þess á leit við ríki landsins að þau frestuðu bólusetningum með efninu uns rannsókn hefur farið fram á hugsanlegum aukaverkunum en sex tilfelli blóðtappa hafa greinst í Bandaríkjunum hjá konum á aldrinum 18 til 48 ára bólusettum með efninu. Þar af lést ein af völdum blóðtappa.

Íslensk yfirvöld hafa pantað 230 þúsund skammta af bóluefninu og segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir ljóst að tafir á notkun þess gætu sett stórt strik í bólusetningaráætlun hérlendis. Þó sé ekki hætta á neinni töf þó að notkun bóluefnisins verði frestað um nokkrar vikur en fari svo að það verði ekki notað muni það hafa mikil áhrif á bólusetningaráætlunina.

Stefnt er að því að bólusetja átta þúsund manns í vikunni.

Íslensk yfirvöld hafa pantað 230 þúsund skammta af bóluefninu.

Alls hafa nú verið gefnir rúmlega 89 þúsund skammtar af bóluefni hér á landi og yfir 28 þúsund manns hér eru fullbólusett. Þá er bólusetning hafin hjá 33.078 einstaklingum. Í þessari viku er stefnt að því að liðlega átta þúsund verði bólusett með Pfizer-bóluefni. Meðal þeirra sem bólusett verða í þessari viku eru einstaklingar með undirliggjandi áhættuþætti. **– þp / bdj**

Frá miðnætti eru áhorfendur leyfðir á íþróttaviðburðum, að hámarki 100 fullorðnir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýjar sóttvarnareglur taka gildi á miðnætti

Frá miðnætti mega tuttugu koma saman í stað tíu og opna má sundlaugar, líkamsræktarstöðvar og skíðasvæði. Sama á við um skemmtistaði, krár og spilasali. Verslanir mega taka við 100 viðskiptavinum og sviðslistir hefjast á ný.

COVID-19 Nýjar reglur um samkomutakmarkanir taka gildi á miðnætti en með breytingunum mega tuttugu manns koma saman í stað tíu áður, líkamsræktarstöðvar mega hafa opið samkvæmt ströngum sóttvarnareglum og íþróttaæfingar barna og fullorðinna verða heimilaðar bæði með og án snertingar innan- og utandyra með allt að 100 áhorfendum sem skulu skráðir í sæti. Hámarksfjöldi fullorðinna verður 50 manns en fjöldi barna fer eftir sömu takmörkunum og í skólastarfi. Áhorfendur verða ekki leyfðir á íþróttaviðburðum og leyfilegur fjöldi gesta í líkamsræktarstöðvar er helmingur af leyfilegum hámarksfjölda.

Heimilt verður að opna sundlaugar að nýju með breyttum reglum og sama á við um skíðasvæði, leyfilegur gestafjöldi þar er helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta líkt og í líkamsræktarstöðvum.

Sviðslistir verða heimilar að nýju frá miðnætti, þar með talið kórastarf. Heimild er fyrir 50 manns á sviði og 100 sitjandi gestum í hverju sóttvarnahólfi. Hámarksfjöldi við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga verður áfram 30 manns en þó mega 100 manns vera við útfarir.

Verslunum verður heimilt að taka á móti fimm viðskiptavinum á hverja tíu fermetra, þó aldrei meira en 100 í einu.

Heimilt er að hafa skemmtistaði, krár, spilasali og spilakassa opna með sömu skilyrðum og veitingastöðum hefur verið gert að fara eftir. Það felur í sér að heimilt sé að taka á móti gestum til klukkan 21 en staðirnir skulu hafa verið rýmdir fyrir klukkan 22.

Hámarksfjöldi gesta í hverju rými eru 20 manns og tryggja skal tveggja metra regluna. Allir gestir skulu skráðir með nafni, kennitölu og símanúmeri og veitingar skal bera til sitjandi viðskiptavina. Heimilt er að selja mat út úr húsi til klukkan ellefu á kvöldin.

Verslunum verður heimilt að taka á móti fimm viðskiptavinum á hverja tíu fermetra, þó aldrei meira en 100 viðskiptavinum í einu. Tuttugu starfsmenn mega vera í hverju rými auk viðskiptavina.

Heilbrigðisráðuneytið vann enn að breytingum á reglugerð um takmarkanir á skólastarfi í samvinnu við menntamálaráðuneytið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Á vef Stjórnarráðsins kemur þó fram að gildandi reglur um skólastarf verði að mestu óbreyttar en að nálægðartakmarkanir fari úr tveimur metrum í einn metra. Þá verði grunn- og leikskólabörnum heimilt að stunda íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf.

Breytingar á sóttvarnareglum taka gildi á miðnætti í kvöld og er lagt upp með að þær gildi í þrjár vikur, eða til 6. maí. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði í gær að ekki væri útilokað að reglugerðin um tilslakanir breyttist áður en hún ætti taka gildi ef fjöldi tilfella smits utan sóttkvíar verður áfram eins og í gær. Þrír einstaklingar greindust með COVID-19 í gær og allir voru þeir utan sóttkvíar.

Í gær voru 93 einstaklingar í einangrun með virkt COVID-19 smit og einn lá á sjúkrahúsi vegna sjúkdómsins. 147 voru í sóttkví og yfir tólf hundruð voru í skimunarsóttkví. **birnadrofn@frettabladid.is**

Aðalfundur ORF Líftækni 2021

Stjórn ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar til aðalfundar félagsins **miðvikudaginn 28. apríl 2021 kl. 16:00** í höfuðstöðvum félagsins að Víkurhvarfi 7, 203 Kópavogi. Fundinum verður streymt til hluthafa.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins 2020
2. Staðfesting ársreiknings fyrir árið 2020
3. Stjórn leggur fram til afgreiðslu uppfærða ársreikninga félagsins 2018 og 2019
4. Ákvörðun um meðferð rekstrarhagnaðar/taps ársins 2020
5. Kosning stjórnar
6. Kosning endurskoðunarfélags
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og endurskoðanda
8. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu
9. Önnur mál
10. Kynning forstjóra og framkvæmdastjóra vísinda- og viðskiptaþróunar

Fyrirkomulag fundarins

Tilhögun fundarins verður í samræmi við þær sóttvarnarreglur sem í gildi verða á fundardegi. Fundinum verður streymt og eru hluthafar beðnir um að senda tölvupóst á netfangið **ir@orf.is**, fyrir lok dags 26. apríl, til að fá aðgangsupplýsingar.

Réttur hluthafa til að fá mál tekin fyrir á aðalfundi og atkvæðisréttur

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á aðalfundi ef hann gerir um það skriflega kröfu til stjórnar félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 21. apríl. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið **ir@orf.is**.

Hver hlutur er ein króna að nafnvirði og allir hlutir hafa jafnan rétt. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á skrifstofu félagsins tveimur vikum fyrir aðalfund. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar.

Kópavogi, 12. apríl 2021
Stjórn ORF Líftækni hf.

Fór ekki eftir öllum tilmælum

COVID-19 Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagðist aðspurð hafa alfarið farið eftir ráðleggingum Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis þegar hún kynnti tilslakanir á sóttvörnum innanlands eftir ríkisstjórnarfund í gær. Breyttar reglur taka gildi 15. apríl, eða á miðnætti í kvöld þann 14. apríl, eins og greint er frá á vef Stjórnarráðsins.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Í minnisblaði Þórólfs sóttvarnalæknis segir hins vegar: „Ég legg því til eftirfarandi aðgerðir frá og með 16. apríl 2021 og til grundvallar er stuðst við afléttingar á aðgerðum þ. 13. janúar 2021.“ **– lb**

Íbúum í New York hefur undanfarið verið boðið upp á ókeypis COVID-próf.

Flestir smitaðra í Bandaríkjunum

COVID-19 Í gær höfðu alls rúmlega 137 milljónir og 820 þúsund manns greinst með COVID-19 í heiminum öllum. Tæplega þrjár milljónir höfðu látist vegna sjúkdómsins og tæpar 111 milljónir höfðu jafnað sig eftir að hafa smitast af veirunni.

Langflest COVID-19 tilfelli höfðu í gær verið greind í Bandaríkjunum, eða yfir 32 milljónir talsins, og því næst á Indlandi og í Brasilíu, yfir þrettán og hálf milljón tilfella í hvoru landinu fyrir sig.

Í Frakklandi og Rússlandi hafa verið greindar um fimm milljónir tilfella og rúmlega fjórar milljónir í Bretlandi.

Á Norðurlöndunum hafa flest tilfelli greinst í Svíþjóð, yfir 875 þúsund talsins. Því næst í Danmörku, tæp 240 þúsund tilfelli, og þar á eftir í Noregi, um 105 þúsund tilfelli. **– bdj**

LYFSALINN
APÓTEK

URÐARHVARFI 8

Verið hjartanlega velkomin

Erum við hlið Heilsugæslunnar Urðarhvarfi

OPIÐ
9.00 - 18.00
virka daga

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is
www.lyfsalinn.is

Frá Hafnarfjarðarvegi þar sem Arnarneshæð blasir við fyrir aftan.

Íbúar Arnarness lögðu Garðabæ

SKIPULAGSMÁL Hætt hefur verið við fyrirhugaða breytingu á gatnamótum á brú við Arnarnesveg og Hafnarfjarðarveg eftir að íbúar Arnarness mótmæltu og sendu bænum bréf.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar í gær var gerð grein fyrir mögulegum breytingum á gatnamótum á brú við Arnarnesveg og Hafnarfjarðarveg þannig að afrein til suðurs yrði tekin af og í þess stað kæmi ljósastýring á beygju til suðurs.

Íbúar í hverfinu tóku sig saman og skrifuðu bænum harðort bréf og var lagður fram tölvupóstur með undirskriftum fjölmargra íbúa á Arnarnesi þar sem fyrirhugaðri breytingu var harðlega mótmælt.

Bæjarráð samþykkti að vísa málinu til tækni- og umhverfissviðs og að við hönnun undirganga yrði tekið mið að því að hafa afrein af Arnarnesvegi til suðurs óbreytta. **– bb**

Banna styttra innanlandsflug

FRAKKLAND Þingmenn í Frakklandi kusu um helgina með frumvarpi þar sem bann er lagt við styttra innanlandsflugi þar sem aðrir ferðamátar standa til boða. Frumvarpinu er ætlað að draga úr kolefnislosun landsins.

Bann verður lagt við flugi þar sem hægt er að ljúka sömu ferð með lest á tveimur og hálfum tíma eða minna. Bannið mun ekki ná til tengiflugs. **– atv**

Brennisteinssýra sem barst úr Holuhrauni lagðist á aldraða

Viðvaranir voru ekki gefnar út vegna brennisteinssýru frá eldgosinu í Holuhrauni árið 2014. Samkvæmt nýrri rannsókn hafði hún einkum áhrif á eldra fólk sem leitaði í auknum mæli á heilsugæslu vegna öndunarfærasjúkdóma. Geldingadalagosið er minna en sérfræðingur segir þeim sem eru nærri að hafa varann á.

HEILBRIGÐISMÁL Ný rannsókn sýnir að brennisteinssýra í andrúmsloftinu vegna eldgossins í Holuhrauni hafði ekki síður áhrif á öndunarfærasjúkdóma en brennisteinsdíoxíð. Um 20 prósentum fleiri heimsóknir voru á heilsugæslustöðvar vegna öndunarfærasjúkdóma og um 20 prósentum meiri lyf vegna þeirra voru tekin út.

Hanne Krage Carlsen, doktor í lýðheilsufræðum við Gautaborgarháskóla, sem vann rannsóknina með eldfjallafræðingnum Evgeníu Ilynskaja, segir niðurstöðurnar hafa komið á óvart.

Rannsóknin, sem var birt í tímaritinu Nature Communications, var unnin af Háskóla Íslands og Háskólanum í Leeds.

Ólíkt brennisteinsdíoxíðinu voru engar viðvaranir gefnar út vegna brennisteinssýrunnar sem ummyndast í mekkinum frá gosinu. Áhrif hennar voru meiri á eldra fólk og komu einkum fram samdægurs eða innan örfárra daga.

„Okkur dettur í hug að aldraðir hafi passað sig meira þegar viðvaranir komu um brennisteinsdíoxíð," segir Hanne sem bjó hér áður og er vel kunnug. „Þá tíu daga sem hinn ummyndaði mökkur kom var fólk ekki undirbúið."

Þetta fannst vel í Reykjavík, rúmlega 250 kílómetrum frá Holuhrauni, haustið 2014. Vitað er einnig að agnir frá Holuhrauni bárust yfir hafið til meginlands Evrópu en engar rannsóknir eru til um heilsufarsleg áhrif gossins þar eða langtímaáhrif hérna á Íslandi.

Helstu sjúkdómarnir og einkenni voru meðal annars astmi, bronkítis, lungnabólga og nefrennsli. Einnig voru könnuð áhrif á smitsjúkdóma eins og inflúensu. Á heimsvísu

Hinn ummyndaði mökkur gat valdið miklum skaða. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Það er ekki hægt að útiloka að einhver hafi dáið.**
>
> Hanne Krage Carlsen, doktor í lýðheilsuvísindum

valda mengandi agnir, bæði manngerð og frá eldfjöllum, þremur milljónum ótímabærra dauðsfalla á hverju ári.

Hanne og Evgenía fengu ekki aðgang að gögnum um dánartíðni hér á Íslandi og treystir Hanne sér því ekki til þess að fullyrða að einhver hafi látist vegna eldgossins.

„Það er ekki hægt að útiloka að einhver hafi dáið," segir Hanne „En þetta eru einn dagur hér og þar yfir fjóra mánuði og ekki sambærilegt við að búa í mengaðri risaborg."

Aðspurð um áhrif eldgossins í Geldingadölum á heilsu fólks segir Hanne of snemmt að segja. Ólíkt því sem gerðist í Holuhrauni eru nú einnig sendar út viðvaranir vegna brennisteinssýru.

„Gosið á Reykjanesi er miklu minna en Holuhraun en á hinn bóginn er það miklu nær þéttbýlinu. Ef maður býr nálægt gosinu er ráðlegt að fylgjast vel með mengunarspánni, sérstaklega ef maður er með öndunarfærasjúkdóm."

kristinnhaukur@frettabladid.is



Uppbygging er sögð fyrirhuguð í Brynjudal. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Spyr hvort pólitík skýri hitaveituleysi í Brynjudal

KJÓS „Nú væri ég til í að heyra haldbær rök fyrir því af hverju búið er að hitaveituvæða hér um bil alla Kjósina, en ekki Brynjudal?" skrifar Hermann B. Baldvinsson í Brynjudal til hreppsnefndarinnar í Kjós.

Erindið var tekið fyrir á síðasta fundi hreppsnefndar. „Eru ástæður þess pólitískar, fjárhagslegar eða bara almennt athafnaleysi?" segir áfram í bréfi Hermanns sem er einn eigenda Skorhaga og eigandi Skógarholts í landi Skorhaga. Segir hann bréf sitt vera formlega kvörtun yfir því að Brynjudalur virðist vera eina svæðið í öllum Kjósarhreppi sem ekki sé með hitaveitu.

„Það eru þó nokkrir mögulegir notendur hér í dalnum, og er fyrirséð mikil uppbygging í kortunum. Nú þegar er alveg auðséð að skortur á heitu vatni er að hefta mögulega uppbyggingu og úthlutun og sölu lóða á svæðinu," rekur Hermann áfram. Bendir hann á að fyrirhuguð sé uppbygging sumarhúsa auk þess sem heilsársnotendur séu í Brynjudal.

„Þessi byggð er steinsnar frá höfuðborginni, og í raun óskiljanlegt af hverju það sé ekki möguleiki á rennandi heitu vatni. Það er erfitt að finna sumarhúsabyggð svona nálægt borginni, þar sem ekki neitt heitt vatn er að finna," skrifar Hermann. Erfitt sé að skilja að lagður hafi verið ljósleiðari og rafmagn að húsum dalsins en ekki hitaveita.

Hreppsnefndin fól oddvita sínum og stjórnarformanni Kjósarveitna „að láta meta líkur á að finna heitt vatn í Brynjudal sem mætti nota fyrir íbúðarhús og orlofshús í nágrenninu og gera kostnaðargreiningu." **– gar**

Kórónaveirusmitum fjölgar og fjórða bylgjan læsir sig í Spánverja

SPÁNN Fjórða bylgja kórónaveirunnar virðist nú komin í gang á Spáni. Dagblaðið El País segir frá því að veiran dreifist með mismunandi hraða eftir svæðum og smit aukist í öllum héruðum að Balear-eyjum undanskildum.

Vitnar El País í heilbrigðisráðuneytið sem segir nýgengi COVID-19 smita á Spáni í heild nú vera 199 tilfelli á fjórtán dögum á hverja eitt hundrað þúsund íbúa. Sambærileg tala fyrir Ísland er nú 16,1 eða um tólf sinnum færri smit hlutfallslega. Fjölgun smita á Spáni nam 21,8 prósentum á einni viku.

Þrýstingur hefur því aukist að nýju á sjúkrahús á Spáni og eru nú 10.200 manns til meðferðar á spítölum vegna COVID-19. Þar af, segir El País, eru 2.161 á gjörgæslu og taka þar eitt af hverjum fimm sjúkrarúmum.

Heilbrigðisráðuneytið segir 197 hafa bæst við tölu látinna, sem stóð þá í gær í samtals 76.525 dauðsföllum.

Einstök svæði standa mun verr að vígi en önnur. Á Madrídar-svæðinu er fjórtán daga talan nú 336 smit á hverja 100 þúsund íbúa. Þrátt fyrir það hafa reglur fyrir bari og veitingastaði ekki verið þrengdar að nýju, bendir El País á. Þetta sé staðreyndin jafnvel þótt heilbrigðisráðuneytið hafi gefið út það viðmið að loka ætti innisvæðum á slíkum stöðum ef nýgengistalan færi yfir 150.

Bólusetningar gegn COVID-19 beðið í Pamplona á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýgengi kórónaveirusmita á Spáni er nú 199 miðað við 16,1 á Íslandi.

El País segir breska afbrigði kórónaveirunnar nú koma fram í 60 til 90 prósentum smita á Spáni og hefur eftir sérfræðingi að þess vegna muni ástandið versna. **– gar**

Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bólusetningar tefjast í Noregi

NOREGUR Áætlanir Norðmanna um bólusetningu gegn COVID-19 gæti seinkað um þrjá mánuði vegna vandkvæða með bóluefnin AstraZeneca og Jansen.

Danmarks Radio segir að ef Norðmenn haldi fast við að hefja ekki notkun þessara bóluefna gæti það haft miklar afleiðingar fyrir bólusetningaáætlun þeirra. Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, hafi þó sagt á blaðamannafundi í gær að breytingar í afhendingu annarra bóluefna gætu haft áhrif á hraðann í bólusetningunum. **– gar**

Joe Biden, forseti Bandaríkjanna.

Komi heim fyrir 11. september

BANDARÍKIN Joe Biden Bandaríkjaforseti mun kalla alla bandaríska hermenn í Afganistan heim fyrir 11. september næstkomandi.

Þá verða tuttugu ár liðin frá hryðjuverkaárásinni á Tvíburaturnana í New-York sem leiddu til stríðsrekstrarins.

Forveri Bidens samdi við talíbana um að hermenn væru farnir fyrir 1. maí en nú breytist sú tímasetning.

Búist er við að utanríkis- og varnarmálaráðherra Bandaríkjanna muni kynna ákvörðunina fyrir öðrum ríkjum NATO í Brussel í dag.

Biden mun því ekki standa við samkomulag ríkisstjórnar Donalds Trump við talíbanana. Í því var lofað að herinn yrði allur kominn heim fyrir 1. maí. Talíbanar lýstu því yfir í síðasta mánuði að þeir myndu ráðast á bandaríska hermenn á nýjan leik ef þeir yrðu ekki farnir fyrir þann tíma. **– atv**

Penninn kynnir Jöru



Jara er stílhreinn og þægilegur sófi.

Jara er nútímalegur sófi í skandinavískum stíl. Sessurnar eru notalegar og áklæðið er slitsterkt og mjúkt viðkomu. Fætur sófans eru stílhrein gæðasmíð úr eik sem tóna vel við hvaða umhverfi sem er.

Jara hentar vel í löng og innileg samtöl með rauðvíni og ostum – en virkar líka í bíókvöldið.

Með dökkgráu tauklæði
Listaverð 224.875 kr.
Tilboðsverð 139.000 kr.

Með ljósgráu tauklæði
Listaverð 212.375kr.
Tilboðsverð 129.000 kr.

Með svörtu leðri
Listaverð 373.750 kr.
Tilboðsverð 239.000 kr.

Opið virka daga 8:00–18:00: Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði // www.penninn.is

PENNINN
Húsgögn

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Manneskjur eða málefni

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Enn einu sinni var sagt að stjórnmálaflokkar væru hornsteinn lýðræðis í landinu. Tilvist þeirra væri forsenda gagnrýninnar og heilbrigðrar þjóðmálaumræðu. Af þessum ástæðum hefur flokkum og félagasamtökum verið veitt ýmis vernd í lögum og fjármagn úr opinberum sjóðum. Innan flokkanna býr grasrót lýðræðisins í landinu og hana ber að styðja, vernda og efla. Það er hugsunin.

Félagafrelsið er af þessari rót sprottið og einnig tjáningarfrelsi einstaklinga og ákvæði í lögum sem eiga að tryggja öllum vernd fyrir stjórnmálastarf sitt og pólitískar skoðanir.

Það gerðist svo um svipað leyti fyrir rúmum áratug, að Íslendingar fóru að hata stjórnmálaflokka eins og pestina og að þjóðfélagsumræða fluttist úr miðstýringu flokka og fjölmiðla yfir á frjálsa samfélagsmiðla.

Þessi þróun hefur haft margvísleg áhrif á stjórnmálastarf í landinu. Stjórnmálaflokkum tók að fjölga gríðarlega, sem kann í fljótu bragði að þykja langsótt afleiðing flokkahatursins, en er þegar betur er að gáð fullkomlega eðlilegt. Fólk trúir því að það geti sjálft gert betur en vondu flokkarnir sem fyrir eru og stofnar nýjan flokk. Hið villta vestur frjálsra skoðanaskipta á netinu er hliðhollt þessari þróun og á sama tíma minnkar eftirspurn eftir formföstu málefnastarfi flokkanna.

Niðurstaðan er sú að flokkarnir hafa misst forskotið í umræðunni og eru meira í viðbrögðum en frumkvæði. Þeir leiða ekki umræðuna heldur elta hana. Við þetta bætist svo ótti stjórnmálastéttarinnar við kjósendur sem ganga algerlega sjálfala á samfélagsmiðlum og hafa vald til að slaufa stjórnmálafólki og stjórnmálaflokkum sé eitt feilspor tekið í trássi við almenningsálitið.

Íslenskir stjórnmálaflokkar eru í of miklum mæli að reyna að höfða til allra kjósenda í stað þess að standa á þeim grunni sem þeir eru byggðir á. Þeir forðast í lengstu lög að stuða fólk. Þetta er eflaust ekki með ráðum gert, nema markmiðið sé að halda öllum mögulegum stjórnarmynstrum opnum að kosningum loknum.

Dæmi um þetta er Samfylkingin og hennar þekktasta baráttumál: evran og aðild að Evrópusambandinu. Einhverra hluta vegna hefur flokkurinn gefist upp á sínu helsta stefnumáli. Það virðist horfið úr tungumáli flokksins; orðið tabú. Það er í þessu máli eins og mörgum öðrum engu líkara en málið hafi verið lagt á hilluna og þess sé beðið að almenningur taki það upp hjá sjálfum sér að skipta um skoðun. Það mun ekki gerast. Stjórnmálafólk þarf að afla baráttumálum sínum fylgis og tala fyrir þeim, jafnvel þótt á brattann sé að sækja. Flokkarnir þurfa að taka sér dagskrárvald en ekki framselja það til Facebook og Twitter.

Þessi tilvistarkreppa flokkanna veikir lýðræðið. Þeir hafa gefið frá sér grasrótarstarfið til kommentakerfanna og veikt þá valkosti sem kjósendur ættu að hafa þegar þeir ganga til kosninga. Við kjósum orðið bara um manneskjur en ekki málefni.

Flokkarnir hafa misst forskotið í umræðunni og eru meira í viðbrögðum en frumkvæði. Þeir leiða ekki umræðuna heldur elta hana.

Halldór

Frá degi til dags

Inn úr kulnuninni

Þingkonan fyrrverandi Birgitta Jónsdóttir tilkynnti með broskalli á Facebook í gær endurkomu sína úr einangrunarhellinum eftir að hafa verið í felum heima hjá sér eftir að hún eyðilagði batteríið sitt, eins og hún hafði orðað það í Síðdegisútvarpi Rásar 2 á föstudag. „Ég er því óendanlega þakklát fyrir Virk og það fólk sem setti þetta úrræði á fót og starfar þar. Það er ómetanlegt að fá stuðning til að koma sér aftur í virkni og að byggja upp sjálfan sig," skrifaði Birgitta jafnframt á Facebook og þakkaði öllum þeim sem höfðu samband í kjölfar viðtalsins.

Ljótt samfélag

Endurkomufærslu Birgittu var tekið fagnandi í athugasemdum þar sem Egill Helgason varð fyrstur til þess að óska kærri vinkonu góðs gengis. Gunnar Smári Egilsson brást við viðtalinu við Birgittu á sunnudaginn á Sósíalistaspjallinu á Facebook og sagðist hafa orðið dapur af því að hlusta á Birgittu. „Er það virkilega svo að hennar framlag til samfélagsins sé ekki meira metið en svo að enginn þykist þurfa á starfskröftum hennar að halda?" spurði hann og í framhaldinu hvort það væri virkilega svo að fólk sem stigið hefði á tær valdsins þyrfti að vera nánast í felum. „Þetta er ljóta samfélagið."

toti@frettabladid.is

Ísland og norðurslóðir

Damien Degeorges
alþjóðastjórnmálafræðingur

Endurskoðuð norðurslóðastefna Íslands er á dagskrá. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því fyrsta norðurslóðastefnan var samþykkt einróma á Alþingi árið 2011. Þar ber tvö atriði helst á góma. Í fyrsta lagi ríkir meiri óvissa er kemur að öryggisumhverfi Íslands, ekki aðeins hvað varðar aukin hernaðarumsvif Rússlands heldur einnig nýtilkomna samkeppni milli Bandaríkjanna og Kína á norðurslóðum. Gæfuspor okkar Íslendinga skömmu eftir lýðveldisstofnun var að ná í „sjálfstæðistryggingu" með stofnaðild að Atlantshafsbandalaginu. Farsæld „Íslands okkar" er tryggð með aðildinni. En þetta þýðir þó einnig að erlendar fjárfestingar þurfa að vera í takt við öryggishagsmuni landsins – sum verkefni geta ekki orðið að veruleika. Sé það ekki gert er hætt við að trúverðugleiki Íslands sem áreiðanlegs bandamanns bíði tjón.

Í öðru lagi, sem er ekki síður mikilvægt, er sú staðreynd að fjárfestingargeirinn hefur á síðustu árum aukið áherslu á sjálfbærni fjárfestinga. Parísarsamkomulagið jók áhuga fjárfesta á sjálfbærni fjárfestinga sem nú hafa fengið byr undir báða vængi í COVID-faraldrinum. Þetta hefur leitt til þess að fleiri og fleiri bankar hafa tekið þá ákvörðun að hætta að fjármagna leit að nýrri olíu eða gasi á norðurslóðum. Stjórn Trumps, sem hafði stefnt að því að hefja vinnslu í Alaska í byrjun árs, varð vör við þessa breytingu. Fyrr en síðar mun Grænland vonandi átta sig á þessu. Það sem bráðnar núna hraðar en ísinn er grunnurinn að efnahagslegu sjálfstæði sem var selt Grænlendingum í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðsluna um sjálfstjórn árið 2008. Fjárfestar hafa getuna til að endurskilgreina bláa hagkerfið á sjálfbæran hátt, bæði á norðurslóðum og alþjóðlega. Evrópa er leiðandi hvað sjálfbærar fjárfestingar varðar. Meirihluti Norðurskautsríkjanna er aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Íslenskir hagsmunaaðilar ættu að vera virkari innan stofnanakerfisins í Brussel, hjarta EES, og nýta styrkleika Íslands hvað sjálfbærni varðar til að hafa áhrif á umræðuna. Sérstaklega núna þegar ESB líkt og Ísland er að uppfæra stefnu sína í málefnum norðurslóða.

En þetta þýðir þó einnig að erlendar fjárfestingar þurfa að vera í takt við öryggishagsmuni landsins – sum verkefni geta ekki orðið að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Blóði drifin knattspyrna

Steinar Harðarson
vinnuverndarráðgjafi

Stefnt er að því að halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Katar árið 2022.

Frá því að framkvæmdir hófust við íþróttamannvirki sem byggð eru meðal annars vegna heimsmeistaramótsins 2022 hafa stöðugt borist fregnir af óásættanlegum aðstæðum verkamanna sem starfa við byggingu þeirra.

Samkvæmt fréttum starfa yfir ein og hálf miljón erlendra verkamanna í Katar. Flestir þeirra koma frá fátækum löndum í Asíu. Hluti þessara verkamanna starfar við byggingu íþróttamannvirkja sem reist eru vegna heimsmeistaramótsins í knattspyrnu 2022.

Amnesty International segir að komið sé fram við verkamennina eins og dýr. Atvinnurekandinn ráði yfir þeim að nær öllu leyti og vegabréfin séu tekin af þeim. Gistiaðstaðan sé vægast sagt hörmuleg og vinnuslys tíð.

Alþjóðasamband verkalýðsfélaga segir að 1400 verkamenn hafi þegar látið lífið í Katar vegna slæmra vinnuaðstæðna og að 4000 verkamenn gætu látið lífið áður en flautað verður til leiks á heimsmeistaramótinu 2022.

Það er í senn sorglegt og skammarlegt að ríkar þjóðir heims ætli að senda lið til að taka þátt í alþjóðlegri íþróttakeppni þegar undirbúningur hennar hefur kostað svo mörg mannlíf. Samkvæmt alþjóðlegum skýrslum um vinnuslys verða langflest alvarleg vinnuslys, þar með talin dauðaslys, vegna óboðlegra vinnuaðstæðna, lélegs skipulags og skorts á öryggi. Með markvissum forvörnum, góðu skipulagi og öflugu öryggisstarfi er hægt að koma í veg fyrir flest vinnuslys.

Með framkomu sinni í garð erlendra verkamanna hafa yfirvöld í Katar haf sýnt heilsu þeirra og öryggi fullkomna lítilsvirðingu. Þegar litið er til þess að flestir erlendir verkamenn koma frá fátækum ríkjum Asíu, svo sem Nepal, læðist að sá sterki grunur að kynþáttafordómar séu undirrót þessarar siðlausu meðferðar á erlendu verkafólki í Katar. Og við þessar aðstæður á að fara fram alþjóðlegt mót íþróttar sem meðal annars keppir undir slagorðunum „Unite Against Racism“ = „Sameinumst gegn fordómum“ og „Zero Tolerance“ = „Algjört óþol“.

Það er líklegt að mútuþægni, græðgi og spilling hafi ráðið því að FIFA ákvað að halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Katar árið 2022. Í landi þar sem grundvallarmannréttindi eru fótum troðin og erlendir verkamenn eru meðhöndlaðir eins og búfénaður. Þessi ákvörðun er svartur blettur á stjórn alþjóðasamtaka þessarar glæsilegu íþróttar, knattspyrnunnar. Sá blettur verður aðeins þveginn af með því að halda mótið 2022 á öðrum stað.

Það er ekki við íþróttamennina, knattspyrnumennina sjálfa að sakast vegna þessa máls. Þeir hafa þvert á móti tekið þátt í baráttunni fyrir mannréttindum svo sem með skilaboðum í upphafi leikja til stuðnings yfirlýsingunni „Black Lives Matter“. Það er ómaklegt að senda þá, nánast nauðuga viljuga, til að iðka íþrótt sína við þessar aðstæður.

Þau ríki heims sem senda landslið sín til keppni á blóði drifnum knattspyrnuvöllum Katar sætta sig við þær fórnir sem bygging þeirra hefur kostað, hingað til yfir 1400 mannslíf. Þegjandi samkomulag um að fjórtánhundruð mannslíf í fjarlægu landi skipti engu máli. Hvernig hefði alþjóðasamfélagið brugðist við ef þessir atburðir hefðu átt sér stað í Evrópu?

Ég skora á stjórnvöld að draga landslið Íslands í knattspyrnu úr þessari keppni í Katar. Og að beita sér fyrir því að önnur ríki heims með nægilega sjálfsvirðingu geri slíkt hið sama. Það er eina leiðin sem manndómur er í.

Bólusetningar við Covid-19

Hjörleifur Hallgríms
eldri borgari á Akureyri

Mikið hefur verið fjallað um vágestinn COVID-19 veiruna og bólusetningar við henni og ekki að ástæðulausu. RÚV hefur verið þar ofarlega á blaði og til dæmis hefur síðdegisþátturinn með þeim Andra Frey, Guðmundi og Hrafnhildi verið öflugur með að taka þetta málefni fyrir og stundum hefur það tekið lungann úr þáttunum. Tekið hefur verið eftir því að umræðan hjá þessu „þríeyki“ hefur snúist mikið um bólusetningar og þá eingöngu í Reykjavík og hefur Hrafnhildur átt það til að spyrja ólíklegustu spurninga eins og til dæmis hvað margir voru við að bólusetja. Ekkert þessa „þríeykis“ hefur borið það við að spyrja um bólusetningar á landsbyggðinni, hvað þá heldur í stærsta þéttbýliskjarnanum Akureyri. Hrafnhildur lagði á dögunum leið sína til norður í land og meðal annars til Akureyrar en þar datt henni ekki í hug að spyrjast fyrir um bólusetningar og sama sagan var er hún lagði leið sína til Dalvíkur, landsmenn varðaði ekkert um hvað gengi með bólusetningar fyrir norðan. Hrafnhildi þótti áhugaverðara að upplýsa landsmenn um hvernig gengi að bólusetja í Englandi, nánar tiltekið Liverpool, eftir upphringingu þangað og einnig varð hún líka að taka eitt símtal til Kaupmannahafnar og hvernig gengi nú að bólusetja Danina og var frændsemin algjör, enda varð landsbyggðin að vita allt um það.

Auðvitað eru íbúar Reykjavíkur og nágrennis langflestir á landsvísu og er ekki verið að öfundast út í bólusetningar þeirra og situr síst á mér að agnúast út í það, ekki síst þar sem ég á sjálfur alla mína afkomendur fyrir sunnan, börn, afabörn og langafabörn. Hrafnhildur þessi varð fyrir nokkrum árum fræg fyrir mikið öskur á Eurovision hátíð og var það spilað nokkrum sinnum í fjölmiðlum. Nú datt mér í hug hvort hún væri með ítrekaðri umfjöllun um bólusetningar við COVID-19 veirunni, þar sem ekki hafa verið bólusett nema nokkur þúsund manns, að verið sé að fela, sem sagt er ótrúleg viljandi mistök og handvömm Svanhildar heilbrigðisráðherra við innkaup á bóluefninu. Þeir eru margir, sem vilja meina að tveimur mánuðum eftir áramót hefði átt að vera búið að bólusetja tugþúsundir Íslendinga.

Loftbrú tekið fagnandi

Bergþóra Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri þjónustusviðs Vegagerðarinnar

Íbúar landsbyggðarinnar hafa nýtt sér tæplega 130 milljónir króna í afslátt af flugfargjöldum frá því Loftbrú var hleypt af stokkunum í september 2020. Loftbrú veitir íbúum landsbyggðarinnar 40% afslátt af fargjaldi fyrir allar áætlunarleiðir innanlands til og frá höfuðborgarsvæðinu, en markmiðið með Loftbrú er að bæta aðgengi íbúa á landsbyggðinni að miðlægri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Loftbrú var þróuð að skoskri fyrirmynd en Skotar hafa byggt upp vel heppnað kerfi í samstarfi ríkis og flugfélaga. Á Íslandi hefur verið farin sú leið að bjóða upp á afslátt fyrir þrjár ferðir (sex flugleggi) á ári sem rúmlega sextíu þúsund íbúar geta nýtt sér, en Loftbrú nær yfir Vestfirði, hluta af Norðurlandi vestra, Norðurland eystra, Austurland vestur í Öræfasveit og Vestmannaeyjar en svæðið er afmarkað með tilliti til póstnúmera.

Góður stígandi hefur verið í notkun frá því hún var tekin í notkun í september 2020. Áhrif heimsfaraldurs má samt greinilega sjá í þeim mánuðum sem faraldurinn hefur verið í vexti og takmarkanir miklar, eins og í október, desember og mars. Líklegt má telja að heildarferðir væru mun fleiri í venjulegu árferði.

Alls hefur verið veittur afsláttur upp á tæplega 130 milljónir króna fyrir rúmlega 19 þúsund flugleggi. Konur nýta sér Loftbrú meira en karlar en þær keyptu rúmlega 8.600 flugleggi á móti um 6.000 flugleggjum sem karlar keyptu. Ungar konur á aldrinum 20-24 ára keyptu flesta flugleggi eða 8% af heildarfjölda. Þegar skoðuð er aldursdreifing sést að fólk á aldrinum 20 til 35 ára var duglegast að nýta sér Loftbrú óháð kyni.

Fólk getur nýtt sér Loftbrúna í mismunandi tilgangi. Til dæmis til að sækja margvíslega þjónustu, fara til læknis, tannlæknis eða sjúkraþjálfara. Eða til að heimsækja ættingja og nýta sér fjölbreytta menningarviðburði sem eru í boði á suðvesturhorni landsins.

Fólk getur nýtt sér Loftbrúna í mismunandi tilgangi. Til dæmis til að sækja margvíslega þjónustu, fara til læknis, tannlæknis eða sjúkraþjálfara.

Almenningssamgöngudeild Vegagerðarinnar heldur utan um starfsemi Loftbrúar. Verkefnið er enn í nokkurri þróun. Til dæmis er unnið að því að geta veitt börnum með lögheimili sunnanlands sem eiga foreldra eða forráðamenn sem hafa búsetu á landsbyggðinni rétt til Loftbrúar. Tímamörk fyrir þá vinnu hafa ekki verið ákveðin.

Til að kanna rétt sinn til Loftbrúar og til að sækja sérstaka afsláttarkóða er hægt að fara á island.is og auðkenna sig með rafrænum skilríkjum. Fleiri upplýsingar um Loftbrú og notkun hennar er hægt að finna á vefsíðunni www.loftbru.is.

Gildi – lífeyrissjóður
Rafrænn ársfundur 2021

Ársfundur Gildis verður haldinn fimmtudaginn 15. apríl klukkan 17:00. Vegna sóttvarnarráðstafana verður fundurinn að fullu rafrænn. Nánari upplýsingar á www.gildi.is.

Dagskrá:
- Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
- Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Vakin er athygli á að allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti.

Stjórn Gildis–lífeyrissjóðs.

GILDI
Lífeyrissjóður
www.gildi.is

Þessir Þróttarar geta farið að æfa á nýjan leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íþróttir af stað aftur á morgun

COVID-19 Íþróttastarf barna og fullorðinna verður heimilað á nýjan leik á morgun. Kveðið er á um þetta í nýrri reglugerð sem heilbrigðisráðherra kynnti á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.

Reglugerðin er í fullu samræmi við tillögur Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis og samhljómur ríkir um komandi tilslakanir í ríkisstjórninni, að sögn Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra.

Sundlaugar og líkamsræktarstöðvar opna aftur á fimmtudagsmorgun en þeim stöðum verður leyfilegt að taka á móti helmingi þess fjölda sem þeir hafa alla jafna leyfi til þess að hafa hjá sér.

Bann hefur verið við keppni og æfingum barna og fullorðinna síðan 25. mars síðastliðinn. – hó

Karólína Lea skoraði mark Íslands.

Margt jákvætt úr leikjunum

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu gerði 1-1 jafntefli þegar liðið mætti Ítalíu í vináttulandsleik í gær. Það var Karólína Lea Vilhjálmsdóttir sem skoraði mark Íslands í leiknum. Þetta var annað landsliðsmark Karólínu Leu í sjötta landsleiknum hennar.

„Við náðum að svara því vel að lenda undir strax á fyrstu mínútu leiksins og eftir fyrstu 15-20 mínúturnar unnum við okkur vel inn í leikinn. Mér fannst við halda boltanum vel og ná að fylgja þeim fyrirmælum sem við fengum frá þjálfarateyminu fyrir leikinn.

Ég er að spila í sama hlutverki hjá Le Havre og ég var í þessum leik. Þar spila ég sem djúpur miðjumaður í liði sem vill halda boltanum og spila sig í gegnum línurnar. Þar, eins og hér hjá landsliðinu, er mér ætla að sitja til baka og dreifa boltanum," segir Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir, miðjumaður íslenska liðsins.

„Ég er heilt yfir sáttur við þessa tvo leiki og mér fannst við skapa fleiri stöður til þess að skapa okkur góð færi í þessum leik en í fyrri leiknum. Það tekur lengri tíma að innprenta áherslur í sóknarleik en varnarleik en þetta var í rétta átt.

Það er ekki planið að spila einhvern tiki-taka fótbolta en við viljum halda í boltann þegar það er möguleiki, vera skapandi og spila sterkan varnarleik þegar við missum hann. Við stefnum á að spila tvo vináttuleiki við sterka andstæðinga í júní og svo hefst undankeppni HM í september. Það verður dregið í riðla í lok apríl," segir Þorsteinn H. Halldórsson, þjálfari Íslands. – hó

COVID mun ekki hafa slæm áhrif til langtíma á fótboltann

Björn Berg Gunnarsson, sérfræðingur í fjármálum í íþróttum, segir nýútgefinn lista Forbes þar sem fram kemur hvers virði verðmætustu knattspyrnufélög heims séu sýni hversu mikill alþjóðlegur vöxtur er í fótboltanum. Þá sé ekki útlit fyrir að kórónaveiran muni hafa langvarandi slæm áhrif á fóboltaheiminn.

Lionel Messi á stóran þátt í því að Barcelona er orðið verðmæta knattspyrnufélag heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÓTBOLTI Virði 20 verðmætustu knattspyrnufélaga heims hefur hækkað um 2,28 milljarða dollara eða um 30 prósent að meðaltali síðustu tvö árin, en fjárfestar hafa áhuga á auknu aðdráttarafli íþróttarinnar. Þrátt fyrir fjárhagsvandræði Barcelona er félagið í fyrsta skipti í efsta sæti á lista Forbes yfir 20 verðmætustu félög heims.

„Þarna sjáum við hve sterkur alþjóðlegur vöxtur íþróttarinnar er. Samkvæmt þessu ættu fjárfestar ekki að hafa misst trú á því að hagnast á því að eiga félögin þrátt fyrir tímabundna fjárhagserfiðleika vegna kórónaveirufaraldursins, sem er afar áhugavert þar sem fjárhagslegt högg félaganna vegna veirunnar hefur verið umtalsvert," segir Björn Berg Gunnarsson, sérfræðingur um fjármál í íþróttum.

„Hagnaðarmöguleikar hafa aukist undanfarin ár, einkum hjá stærstu félögunum í vinsælustu deildunum og áhugavert hefur verið að fylgjast með áhrifum alþjóðlegra fjárfesta, einkum bandarískra, sem hafa verið að kaupa evrópsk knattspyrnufélög í gegnum fjárfestingafélög sín.

Það má til að mynda sjá á auknu verðmæti Liverpool að þarna er talið að vel hafi tekist til. Bandarískir fjárfestar eru mjög hagnaðardrifnir og fjárfesta í auknum mæli í knattspyrnufélögum, jafnvel víða um heim, vegna þess að þar sjá þeir tækifæri.

„Það má líka lesa úr þessum lista að líklegt sé að elítufélögin í Evrópu séu að skera sig enn frekar frá restinni hvað verðmæti varðar. Þá er fjöldi liða úr ensku úrvalsdeildinni í topp 20 á þessum lista, sem er skýrt merki þess hversu vel hefur gengið að búa til verðmætt vörumerki í þeirri deild.

Það sætir líka tíðindum að Juventus sé ekki á topp tíu og ítölsku liðin halda áfram að dragast aftur úr," segir hann, en ensk félög eru í níu af 20 efstu sætunum á listanum.

Barcelona er metið á 4,76 milljarða dala en erkifjandi Katalóníufélagsins, Real Madrid, kemur þar rétt á eftir, metið á 4,75 milljarða dala.

Madrídarfélagið hefur verið í toppsæti listans fimm af síðustu 16 árum. Manchester United sem hefur trónað á toppi listans hin 11 árin af síðustu 16 árum er komið niður í fjórða sæti og Bayern München er í þriðja sæti.

> **Það má lesa út úr þessum lista að líklegt sé að elítufélögin í Evrópu séu að skera sig enn frekar frá restinni hvað verðmæti varðar.**
>
> Björn Berg Gunnarsson

Fjárfestar virðast sjá færi á að hagnast á því að eiga hlut í knattspyrnufélögum þrátt fyrir tekjumissi vegna kórónaveirufaraldursins síðasta árið rúmt.

Meðaltekjur félaganna 20 voru 441 milljón dala tímabilið 2019 til 2020, 9,6 prósentum minna en leiktíðina þar áður. Á sama tíma minnkuðu rekstrartekjur félaganna um 70 prósent.

Virði Liverpool hefur hækkað um 88 prósent síðan fyrir tveimur árum og félagið er komið upp í fimmta sæti listans. Liverpool, sem er með 84 milljónir fylgjenda á samfélagsmiðlunum Facebook, Twitter og Instagram er 12. verðmætasta íþróttafélag í heimi.

Barcelona og Real Madrid sem eru í fjórða og fimmta sæti á fyrrgreindum lista hafa 260 milljónir fylgjenda hvort á téðum samfélagsmiðlum.

NFL-liðið Dallas Cowboys, sem er metið á 5,7 milljarða dala, hefur til samanburðar 16 milljónir fylgjenda á samfélagsmiðlum.

Manchester United, sem er með tæplega 140 milljónir fylgjenda á samfélagsmiðlum, gerði nýverið auglýsingasamning við þýska hugbúnaðarfyrirtækið TeamViewer en sá samningur mun færa félaginu 64.9 milljónir dala á ári á fimm ára samningstímanum.

Sala á vörum merktum félögunum er tekjulind sem fjárfestar líta til. Síðasta sumar undirrituðu franska félagið PSG og íþróttavörukeðjan Fanatics samning um sölu á vörum merktum félaginu, sem talið er að muni þrefalda rafræn viðskipti á vörunum.

Þá er áætlað að sala á vörum merktum PSG muni skila félaginu 40 milljónum dala árið 2023 og skömmu síðar muni árleg sala verða í kringum 60 milljónir dala.

Real Madrid fær áfram mest í sinn hlut í gegnum auglýsingar, styrktarsamninga og treyjusölu. Tímabilið 2019 til 2020 fékk félagið 424 milljónir dala í gegnum áðurnefnda tekjuliði en það er 55 prósenta hækkun frá því fyrir fimm árum síðan.

Skiptir þar mestu að treyju- og búnaðarsamningur Real Madrid við Adidas er sá hæsti hjá nokkru íþróttafélagi í heiminum.

Langar að fara á landsmótið utanhúss í fyrsta skipti

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Kúluvarparinn Erna Sóley Gunnarsdóttir bætti á dögunum Íslandsmetið utanhúss í greininni þegar hún kastaði kúlunni 16,72 metra á háskólamóti í Houston. Þar stundar hún nám og æfir kúluvarp en hún er á þriðja ári af fimm þessa stundina.

Erna Sóley á nú Íslandsmetið utanhúss og innanhúss en hún bætti metið innandyra í febrúar fyrr á þessu ári með kasti upp á 16,95 metra.

„Ég hef breytt lyftingaprógramminu hjá mér undanfarið og lyft léttar fjórum sinnum í viku í stað þungra lyftinga tvisvar í viku. Það, auk góðra kastæfinga, er að skila sér í stöðugri bætingu. Ég á hins vegar töluvert inni í því að styrkja mig líkamlega og ég stefni að því að halda áfram að gera það," segir Erna Sóley um bætingar sínar.

Erna Sóley Gunnarsdóttir er að bæta sig stöðugt. MYND/AÐSEND

> **Næst á dagskrá eru svæðismót þar sem væri gaman að vinna gull aftur eins og ég gerði fyrir tveimur árum síðan.**
>
> Erna Sóley Gunnarsdóttir

„Þá er ég aftur farin að keppa reglulega á mótum eftir að hafa keppt lítið á síðasta ári. Það skilar sér líka í stöðugri kastseríum og bætingum," segir þessi tvítugi kúluvarpari sem hefur sett stefnuna á að vera farin að kasta yfir 18 metra á næstu árum.

„Næst á dagskrá eru svæðismót þar sem væri gaman að vinna gull aftur eins og ég gerði fyrir tveimur árum síðan. Þar á eftir er svo forkeppni fyrir landsmótið utanhúss og ef ég kasta eins og ég gerði um síðastliðna helgi kemst ég inn á landsmótið í fyrsta skipti utanhúss. Vonandi held ég áfram að bæta mig á komandi vikum," segir hún um næstu verkefni hjá sér.

„Í sumar tek ég svo þátt á Evrópumeistaramótinu U-23 ára í Bergen í Noregi og þar stefni ég á verðlaunasæti. Svo mun ég að öllum líkindum koma heim í júní og taka þátt á þeim mótum sem verða haldin innanlands," segir Erna um framhaldið en hún nældi sér í brons á EM U-20 ára sumarið 2019. – hó

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 14. apríl 2021

Margir bíða sumarblómanna.

Miðvikudagur til moldar

Í þekktri þulu um dagana segir: „Miðvikudagur til moldar.“ Með hliðsjón af því, hlýrri vordögum og þrá landsmanna til að hefja vorverk í garðinum er ágætt að hafa eftirfarandi í huga því enn getur orðið næturfrost og kaldir dagar.

Meginreglan er að bera áburð á grasflatir og trjábeð einu sinni í mánuði í maí, júní og júlí.

Mikilvægt er að leyfa laufi, mosa og greinum að liggja fram á vor. Það hlífir plöntum yfir veturinn og því gott að huga að beðhreinsun þegar frost fer úr jörðu og næturfrost hættir.

Fagurt sumarsins laufskrúð

Gott er að klippa limgerði snemma á vorin, áður en það fer að laufgast því þá er auðveldara að gera sér grein fyrir lögun þess. Best er að klippa limgerði í svokallað A-form, þar sem neðsti hlutinn, næst jörðu, er sverastur að ummáli og efsti hlutinn, næst sólu, er minnstur. Með því jafnast dreifing sólarljóss á plöntuna.

Ef fella þarf tré skal gera það á vorin, áður en þau laufgast. Mikilvægt er að leita til fagmanna áður en ráðist er í slíka framkvæmd svo ekki hljótist tjón af.

Harðgerar rósir má klippa snemma á vorin, svo sem dornrós, hansarós, meyjarós, hjónarós, fjallarós og þyrnirósir. Betra er að bíða með viðkvæmari tegundir fram í maí, eða þar til þær eru farnar að sýna lífsmark.

Heimild: gardheimar.is

thordisg@frettabladid.is

FEEL ICELAND

Benjamín Jónsson Wheat segir Feel Iceland kollagen vera undraefni sem hafi í fyrsta sinn á ævinni gert sér kleift að hreyfa sig án verkja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Núna get ég allt

Benjamín Jónsson Wheat varð fyrir því óláni að rífa liðþófa í hné þegar hann æfði stíft fyrir Spartan-hlaup í fyrra og þurfti í aðgerð á eftir. Hann þakkar kollageni frá Feel Iceland skjótan bata og segir það hafa opnað sér nýjan heim, fullan orku og vellíðunar. 2

Benjamín stundar hlaup og erfiðar Boot Camp-æfingar oft í viku. Hann var búinn að sætta sig við að glíma við stöðuga verki í hnjám en hefur nú losnað alfarið við verkina og tekst á við æfingar af fullum þrótti og skjótri endurheimt vegna kollagensins frá Feel Iceland.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Faðir minn, Jón Wheat, var Bandaríkjamaður sem þurfti að taka upp íslenskt nafn þegar hann flutti til Íslands, eins og reglur kváðu á um í þá daga, og úr varð Jón í stað John," útskýrir Benjamín Jónsson Wheat sem fæddist í Bandaríkjunum en flutti til Íslands ársgamall og ólst upp í Keflavík þar til hann flutti sig um set í Kópavog þegar hann hóf verkfræðinám í Háskóla Íslands.

„Pabbi var rafeindavirki og ég hugsaði um að feta í fótspor hans en lét slag standa að fara frekar í rafmagns- og tölvuverkfræði. Ég sé sannarlega ekki eftir því enda fann ég mína réttu hillu í verkfræðinni og gæti ekki hugsað mér að vera í öðru," segir Benjamín sem í dag starfar sem hugbúnaðarprófari og gætir þess að hugbúnaður fyrirtækja virki sem skyldi. „Starfinu fylgja nýjar áskoranir á hverjum degi og sífellt eitthvað nýtt og áhugavert sem heillar mig."

Góðar fyrirmyndir barna sinna

Benjamín er kvæntur Elvu Dögg Guðbjörnsdóttur og eiga þau tvær dætur og einn son saman; tíu, tólf og fjórtán ára gömul.

„Við Elva höfum alltaf haft að leiðarljósi að vera góðar fyrirmyndir barnanna okkar með því að ástunda hreyfingu og heilnæman lífsstíl. Það hefur svo skilað sér í áhuga þeirra á hollu líferni, krakkarnir eru öll í fótbolta hjá Breiðabliki og dugleg að koma með okkur foreldrunum í hlaup eða hjólatúra í Heiðmörk og kringum Hvaleyrarvatn, sem eru miklir uppáhaldsstaðir hjá okkur. Allt skapar það dýrmætar samverustundir fjölskyldunnar og þegar upp er staðið þykir þeim það miklu skemmtilegra en að hanga heima í tölvunni," segir Benjamín sem passar líka upp á að eiga stráka-tíma með syninum, bara þeir tveir að spretta saman og spjalla.

„Ég hef alltaf verið duglegur að hreyfa mig, var í sundi sem strákur og æfði lengi vel ólympískar lyftingar og kraftlyftingar. Á sama tíma hef ég alltaf verið svolítið þungur á mér og hægur, og ákvað því að fara í Boot Camp til að efla mig og dró konuna með mér í það fyrir um áratug, en hún er mikil keppniskona eins og ég," segir Benjamín sem hefur stundað Boot Camp síðastliðin tólf ár.

„Boot Camp fer með mann langt út fyrir þægindarammann og einmitt þannig vil ég hafa það. Því erfiðara, því betra. Boot Camp-æfingar verða aldrei auðveldar en þær eru fjölbreyttar og skemmtilegar. Ég er svo sem enn hægur og þungur á mér en ég nýt samt hverrar mínútu á æfingu. Það er líka yndislegt fyrir hjón að stunda sport saman. Við tökum til dæmis þátt í alþjóðlegum Spartan-hlaupum. Það eru tíu til fimmtán kílómetra utanvegahlaup og þrautabrautir sem þarf að leysa á leiðinni, klifur, hopp yfir veggi og fleira í anda Boot Camp, alveg óskaplega skemmtilegt. Spartan-hlaupin eru gulrót sem fær mann til að leggja enn meira á sig, og í stað þess að fara í heföbundnar borgarferðir förum við Elva utan í þrek- og ævintýraferðir og höfum sótt Spartan-hlaup til Barcelona, Lundúna og Stokkhólms. Við ætluðum til Madrid í fyrra, en kórónaveiran stóð í vegi fyrir því. Engu að síður erum við að æfa okkur fyrir næsta hlaup og verðum tilbúin hvenær sem sá gluggi opnast á ný."

Fann fljótt mun af kollageninu

Benjamín gekkst undir liðþófaaðgerð á hné fyrir rúmu ári.

„Ég hef verið slæmur í hnjám frá því ég man eftir mér, alltaf mjög verkjaður á æfingum en látið mig hafa það. Svo gerðist það í fyrra að ég reif liðþófa í öðru hnénu á æfingu fyrir Spartan-hlaup og fór í kjölfarið undir hnífinn. Vanalega tekur heilt ár að jafna sig eftir slíka aðgerð en ég fór að skoða hvað ég gæti gert til að koma mér sem fyrst af stað aftur og fór reyndar aðeins of geyst af stað, þannig að ég svaf ekki fyrir verkjum á næturnar," upplýsir Benjamín.

Benjamín tekur daglega inn fjórar töflur af Joint Rewind og eina til tvær vænar skeiðar af Amino Marine kollageni frá Feel Iceland til heilsubótar.

> **Kollagenið frá Feel Iceland hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég hef einfaldlega aldrei verið betri og verð í raun betri með hverjum deginum sem líður.**
>
> Benjamín Jónsson Wheat

Það var eiginkonan Elva Dögg sem kom honum á sporið eftir að hafa lesið greinar um magnaðan árangur fólks af Feel Iceland-kollageni.

„Úr varð að ég keypti mér bæði Joint Rewind-töflur og kollagenduft frá Feel Iceland og árangurinn lét ekki á sér standa. Mér fór fljótlega að batna og líða mun betur og í dag er ég alveg verkjalaus. Það er allt annað líf að geta farið á æfingar án þess að vera undirlagður af verkjum. Ég hafði sett mig við að vera alltaf slæmur í hnjánum en þakka nú kollageninu og Joint Rewind fyrir að allt sé komið í lag. Feel Iceland kollagen hefur opnað mér nýjan og betri heim. Ég tek það á hverjum degi og tek það með mér hvert sem ég fer," segir Benjamín.

Þakklátur fyrir Feel Iceland

Benjamín tekur inn fjórar Joint Rewind-töflur á dag og byrjar dag hvern á því að setja eina góða skeið af kollageni út í morgunkaffið eða morgun-boostið sitt.

„Fyrir æfingar set ég aðra góða skeið í kalt vatn. Mér finnst kollagenið flýta mikið fyrir endurheimt, ég er skotfljótur að jafna mig eftir æfingar og er strax tilbúinn í næstu æfingu. Árangurinn er hreint ótrúlegur. Það er æðisleg upplifun að geta loks tekið lengri hlaupaæfingar og ekki fundið fyrir neinu öðru en því hvað hlaupin eru orðin áreynslulaus og skemmtileg."

Áður en Benjamín fór að taka inn kollagen frá Feel Iceland var hann vanur að taka tvær erfiðar hlaupaæfingar á viku.

„Í hvert sinn tók mig langan tíma að jafna mig en nú hleyp ég fjórum sinnum í viku fyrir Spartan-hlaupið og finn hvorki fyrir verkjum né álagsþreytu. Ég hef einfaldlega aldrei verið betri og verð í raun betri með hverjum deginum sem líður. Ég er óskaplega þakklátur fyrir að vera laus við liðverkina og held áfram að taka kollagen á hverjum degi. Nú get ég allt án þess að hika, hlaupið náttúruhlaup sem reyna á stökk upp á steina og stokka, upp og niður í móti, og það er draumur að geta hlaupið verkjalaus svona langt og lengi," segir Benjamín.

Elva Dögg, kona Benjamíns, tekur líka inn kollagen frá Feel Iceland og finnur mikinn mun á húð sinni, hári og nöglum.

„Ég mæli svo innilega með kollageni frá Feel Iceland því það hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég hef náð undraverðum bata og hefði ekki trúað hversu magnað kollagenið er nema að hafa reynt það á eigin skinni. Meira að segja krakkarnir hafa notið góðs af þessu undraefni því þegar þau hafa kvartað undan álagsverkjum á erfiðum fótboltamótum hef ég gefið þeim hálfa skeið og árangurinn ekki leynt sér til hins betra."

Feel Iceland vörurnar fást meðal annars á eftirtöldum stöðum: Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyf og heilsu, Hagkaup, Fjarðarkaup, Apótekaranum, Fríhöfninni, Jurtaapótekinu, Krónunni og Nettó. Nánari upplýsingar á feeliceland.com.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. apríl 2021

15. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX TUDOR TAGHeuer LONGINES NOMOS GLASHÜTTE TISSOT

Upplifðu faglega og persónulega þjónustu

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Birta og Fiskisund stærst í útboði
Fjárfestu fyrir nærri milljarð og eru í hópi þriggja stærstu hluthafa með tæplega 15 prósenta hlut. Einar Örn er nýr stjórnarformaður flugfélagsins.
2

Verðstríð á raforkumarkaði
Raforkuverð til heimila hefur lækkað um tæplega níu prósent á sex vikum. Úrskurðarnefnd raforkumála felldi úr gildi ákvörðun um raforkusala til þrautavara.
4

Vita upp á hár hvað virkaði
Stjórnendur Play vita nákvæmlega hvað virkaði og hvað virkaði ekki hjá WOW. Líklegt að Play stækki markaðinn með því að höfða til markhóps sem Icelandair nær ekki til.
8

Gefa upp launabil í auglýsingum
Í sumum löndum tíðkast að gefa upp launabil í atvinnuauglýsingum. Það getur gert fyrirtækjum erfiðara fyrir að fá fjölbreyttan hóp umsækjenda til að velja úr.
9

Verðbólguvandinn
„Vont væri ef há og þrálát verðbólga yrði í samfloti með stóraukinni skuldastöðu ríkissjóðs sem ein arfleifð kórónaveirufaraldursins," segir sjóðstjóri Akta.
10

Óttast að undanskot hafi aukist

Birgir Örn Birgisson hefur verið framkvæmdastjóri Domino's á Íslandi í röskan áratug, en hverfur nú til annarra verkefna. Hann segir veitingageirann á Íslandi eiga mjög undir högg að sækja og samskiptin við verkalýðshreyfinguna erfið. ↬6

SA hafa reynt sitt besta en stemmingin hinum megin borðsins er einfaldlega þannig þessa dagana að nálgunin þarf að vera önnur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Torvelt að fá íbúðalán ef tekjurnar koma að utan

Í þyngjandi kvaðir um reglulega upplýsingagjöf valda því að Íslendingar, sem hafa tekjur í erlendum gjaldmiðli, eiga erfitt með að fjármagna íbúðakaup hjá íslenskum bönkum. Eins og stendur er Arion banki eini viðskiptabankinn sem veitir slík lán, en bæði Íslandsbanki og Landsbankinn hafa til skoðunar hvernig haga eigi lánveitingum af þessum toga.

Við gildistöku laga um fasteignalán til neytenda árið 2017 var nokkuð hert á þeim skilyrðum og kröfum sem gerðar eru til fasteignalána í íslenskum krónum ef þau eru veitt viðskiptavinum sem búa erlendis eða eru með tekjur í erlendri mynt. Lán sem eru tilgreind eða bundin í öðrum gjaldmiðli en tekjur lántaka eða þess ríkis sem neytandinn er búsettur í, eru flokkuð sem lán tengd erlendum gjaldmiðlum samkvæmt lögum.

Í þeim tilfellum voru lagðar töluverðar kvaðir á lánveitendur varðandi framkvæmd greiðslumats, um upplýsingaskyldu auk þess sem viðskiptavinur hafði rétt á því að breyta mynt lánsins úr íslenskum krónum yfir í sömu mynt og hann hefur tekjur í eða mynt heimaríkis, hvenær sem er á lánstímanum.

„Sökum þessara þátta ákvað Landsbankinn að veita ekki slík lán þrátt fyrir að það hafi verið heimilt samkvæmt umræddum lögum," segir í svari frá Landsbankanum.

Gerðar voru breytingar á lögunum árið 2020 í þeim tilgangi að liðka fyrir lánveitingum tengdum erlendum gjaldmiðlum. Stefnir Landsbankinn nú að því að byrja að veita slík lán.

„Lánveitingarnar kalla á ákveðnar breytingar í kerfum bankans, meðal annars vegna þess að okkur er skylt að senda lántaka aðvörun ef gengisbreyting verður meiri en 20 prósent. Nú stendur yfir vinna og undirbúningur fyrir þessar lánveitingar og við vonumst til að henni ljúki fljótlega."

> **Enn eru til staðar nokkrar íþyngjandi skyldur sem bankanum er ekki unnt að uppfylla.**
>
> Úr svari Íslandsbanka

Arion banki býður upp á lán tengd erlendum gjaldmiðlum en lántökuferlið er umfangsmeira og kostnaðarsamara en við veitingu venjulegra íbúðalána.

„Við lánum upp í 70 prósent veðhlutfall í svona tilfellum. Lánaferlið er umfangsmeira og því eru lántökugjöldin hærri. Ekki er um rafrænt umsóknarferli að ræða heldur þarf að hafa samband við bankann og klára lánaferlið upp á gamla mátann," segir í svari Arion banka.

Lán tengd erlendum gjaldmiðlum hafa ekki staðið til boða hjá Íslandsbanka frá því lögum um fasteignalán var breytt árið 2017 og þau lán skilgreind sérstaklega. Þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir að hægt sé að veita lán tengd erlendum gjaldmiðlum þá er ekki skylt að veita slík lán.

„Enn eru til staðar nokkrar íþyngjandi skyldur sem bankanum er ekki unnt að uppfylla. Bankinn er með til skoðunar hvernig hægt er að uppfylla þær," segir í svari frá Íslandsbanka.

„Eins og staðan er í dag er okkur hins vegar ekki kleift að uppfylla þá sértæku upplýsingaskyldu sem lögin gera ráð fyrir. Þar af leiðandi býður Íslandsbanki að svo stöddu ekki upp á fasteignalán sem teljast tengd erlendum gjaldmiðlum." **–þfh**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Við hefjum þig upp til skýja

Skráðu þig í áskrift að viðskipta- og bókhaldslausnum hjá Wise

Microsoft Dynamics 365 Business Central

wise

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Birgir Jónsson tók til starfa sem forstjóri hins verðandi flugfélags Play á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fiskisund og Birta stærst í útboði Play

Fjárfestu fyrir nærri milljarð og eru í hópi þriggja stærstu hluthafa með tæplega 15 prósenta hlut. Aðrir helstu eigendur Play eftir útboðið eru Stoðir, VÍS og Akta sjóðir. Búið að kjósa nýja stjórn og Einar Örn orðinn stjórnarformaður Play.

Fjárfestingafélagið Fiskisund, sem Einar Örn Ólafsson fjárfestir fer fyrir, og lífeyrissjóðurinn Birta verða í hópi þriggja stærstu hluthafa Play í kjölfar nýafstaðins hlutafjárútboðs hins verðandi flugfélags, hvort um sig með nærri 15 prósenta eignarhlut. Fiskisund og Birta fjárfestu bæði fyrir tæplega einn milljarð króna í útboðinu, sem lauk síðastliðinn föstudag, en heildarstærð þess nam yfir 40 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði vel á sjötta milljarðs króna.

Eignarhaldsfélagið FEA, sem Skúli Skúlason stýrir og varð eigandi alls hlutafjár í Play fyrir um ári síðan, er enn stærsti einstaki hluthafi Play og heldur á meira en fimmtungshlut eftir hlutafjárútboðið. Samkvæmt heimildum Markaðarins stendur hins vegar til að slíta FEA, sem hefur staðið undir fjármögnun á rekstri Play undanfarna mánuði og misseri, þegar flugfélagið verður skráð á First North-markaðinn í Kauphöllinni næstkomandi júní en þá er áformað að sækja um 20 milljónir dala í nýtt fjármagn til viðbótar við það sem félagið hefur þegar tryggt sér.

Aðrir helstu hluthafar Play, samkvæmt heimildum Markaðarins, eru meðal annars fjárfestingafélagið Stoðir, sem skráði sig fyrir rúmlega 600 milljónum króna í útboðinu og eignast við það um 9 prósenta hlut, tryggingafélagið VÍS og sjóðir í stýringu Akta. Eignarhlutur annarra fjárfesta sem komu að útboði Play, eins og eigenda Langasjós, sem á heildverslunina Mata og fjárfestingafélagið Brimgarða, og lífeyrissjóðsins Lífsverks er hins vegar litlu minni.

Einar Örn Ólafsson, stjórnarformaður Play.

Í hópi nýrra einkafjárfesta sem bætast nú við hluthafahóp Play eru sömuleiðis félög í eigu Kristjáns M. Grétarssonar, eins hluthafa í Keahótelum, og bræðranna Björns Ólafssonar, framkvæmdastjóra ferðaþjónustufyrirtækisins Þríhnjúkagígs, og Sigurðar Ólafssonar, framkvæmdastjóra hjá Grósku hugmyndahúsi í Vatnsmýrinni, en það er einkum í eigu fjárfestingafélagsins Novator.

Hinir nýju fjárfestar í Play, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um, eignast því mikinn meirihluta í félaginu, eða samanlagt hátt í 80 prósenta eignarhlut. Búið er að ganga frá ráðningu Birgis Jónssonar, sem var síðast forstjóri Íslandspósts en hefur einnig starfað sem forstjóri Iceland Express og aðstoðarforstjóri WOW air, en hann tók til starfa sem forstjóri félagsins í byrjun vikunnar. Í hópi þeirra fjárfesta sem koma núna að félaginu, meðal annars Stoða og Fiskisunds, var lögð á það áhersla að Birgir yrði fenginn í forstjórastólinn.

Í kjölfar hlutafjárútboðs Play var boðað til aðalfundar og ný stjórn kjörin fyrir félagið. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Einar Örn, sem hefur meðal annars verið stjórnarmaður í TM undanfarin ár og var um skeið forstjóri Skeljungs, tekið við sem stjórnarformaður Play.

Aðrir stjórnarmenn félagsins eru fyrrnefndur Skúli Skúlason, einn hluthafa flugþjónustufyrirtækisins Airport Associates, Guðný Hansdóttir, fjárfestir og stjórnarmaður hjá VÍS, Auður Björk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjártæknifyrirtækisins Two Birds og fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá VÍS um margra ára skeið, og María Rúnarsdóttir, fjárfestir og stjórnarformaður Arctica Finance en verðbréfafyrirtækið hafði umsjón með hlutafjárútboði Play.

Play hefur nú þegar tryggt sér þrjár Airbus A321 leiguflugvélar til þess að hefja áætlunarflug á vinsæla áfangastaði íslenskra ferðamanna. Stefnt er að fyrsta flugi félagsins í júní næstkomandi. Þá gera áætlanir Play ráð fyrir því að flugvélafloti félagsins stækki í sex til átta þotur vorið 2022 og verði kominn í yfir tíu vélar á árinu 2023. Áformað er að fljúga bæði til áfangastaða í Bandaríkjunum og Evrópu.

Virði Play áður en hlutafjárútboðinu lauk í síðustu viku var talið vera um 900 milljónir króna en það byggði einkum á þeim fjármunum sem Skúli, ásamt öðrum fjárfestum, hefur lagt Play til að undanförnu í gegnum félagið FEA.

hordur@frettabladid.is

Bandaríska sendiráðið kaupir af Andra

Sendiráð Bandaríkjanna hér á landi hefur fest kaup á einbýlishúsi við Sólvallagötu 14, sem hefur verið í eigu Andra Más Ingólfssonar, fyrrverandi aðaleiganda Primera Air og Heimsferða, og Valgerðar Franklínsdóttur, eiginkonu hans, fyrir samtals 450 milljónir króna. Húsið, sem er um 540 fermetrar að stærð og með sjö svefnherbergi, hefur verið til sölu frá því haustið 2019.

Áformað er að húsið verði nýtt sem sendiráðsbústaður en sendiráð Bandaríkjanna er í nýjum húsakynnum við Engjateig.

Gert var samkomulag um kauprétt sendiráðsins að húsinu við Sólvallagötu 14 í júní í fyrra, sem það greiddi 150 þúsundir dala fyrir, jafnvirði um 20 milljóna króna, sem var síðan nýttur í lok febrúar á þessu ári. Áætlað er að húsið, sem hefur allt verið endurnýjað að utan og innan á síðustu árum og er fasteignamat þess rúmlega 224 milljónir, verði afhent 1. maí næstkomandi. Í húsinu, sem var byggt árið 1928 og er á þremur hæðum, er einnig meðal annars að finna sérútbúinn vínkjallara.

Húsið við Sólvallagötu 14 var boðið til sölu haustið 2019 en fasteignamat þess er 224 milljónir króna.

Andri Már, sem stofnaði flugfélagið Primera Air, missti fyrirtækið frá sér þegar það var úrskurðað gjaldþrota í október 2018 og árið eftir yfirtók Arion banki rekstur ferðaskrifstofunnar Heimsferða. Í árslok 2019 var tilkynnt um það að Andri væri búinn að koma á nýrri ferðaskrifstofu undir nafninu Aventura Holidays. **– hae**

GEFÐU STARFSFÓLKINU SUMARGJÖF

Þótt árshátíðir og ýmis annar gleðskapur hafi fallið niður hjá fyrirtækjum og stofnunum er auðvelt að gefa starfsfólkinu glaðning og gera því glaðan dag. Við útbúum óskaskrín sérmerkt þínu fyrirtæki og með kveðju til starfsfólksins.
Hafðu samband í síma 577 5600 eða info@oskaskrin.is.

Suðurlandsbraut 30 | 577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Guðjón Auðunsson, forstjór Reita.

Eiga mikið undir viðsnúningi í ferðaþjónustu

Greiningarfyrirtækið Jakobsson Capital hefur hækkað verðmat sitt á fasteignafélaginu Reitum um tvö prósent. Verðmatið var um 65,4 milljarðar samanborið við 64 milljarða við gerð síðasta verðmats og verðmatsgengið hækkar úr rúmlega 82 krónum upp í rúmar 84 krónur. Verðmatsgengið er því um 30 prósentum yfir markaðsgengi.

„Útlit er fyrir litlar sviptingar í verðmatsgengi fasteignafélaganna. Ljóst er að það mun valda mörgum vonbrigðum. Samt sem áður eru fasteignafélögin þau félög á markaði sem eru hvað vanmetnust," segir í verðmatinu.

Greinandi Jakobsson Capital segir ljóst að afkoma Reita árið 2021 velti mjög á viðsnúningi í ferðaþjónustu og bendir á að 19 prósentum af eignum félagsins hafi verið ráðstafað til hótelreksturs og um 5 prósent af skrifstofuhúsnæði félagsins í útleigu til Icelandair.

Rekstraráætlun fyrir Reiti er töluvert dekkri nú en fyrri rekstraráætlun. Meginástæða þess er að það er gert ráð fyrir að viðsnúningur í ferðaþjónustu verði seinna en í eldri spá og verði örlítið hægari. Þannig muni verða kröftugur viðsnúningur milli áranna 2021 og 2022. Rekstrarhagnaður (NOI) Reita mun aukast um 500 milljónir króna að raunvirði og leigutekjur verða nærri þær sömu að raunvirði og fyrir COVID.

Árleg endurskoðun á fjármagnskostnaði leiddi ekki til þeirrar lækkunar á fjármagnskostnaði sem greinandi reiknaði með. Fjármögnun Reita er töluvert hagstæðari en um áramótin og er lánsfjárkostnaður 3,04 prósent en var 3,24 prósent.

„Á móti kemur að áhættuálag á fasteignafélög hefur hækkað mikið á erlendum mörkuðum," segir í verðmatinu. Ávöxtunarkrafa til eigin fjár er nú 8,92 prósent en var 7,99 prósent og hækkar um nærri 1 prósentustig. Veginn fjármagnskostnaður er því óbreyttur. **– þfh**

Verðstríð á raforkumarkaði hefur lækkað verð til heimila

Raforkuverð til íslenskra heimila hefur lækkað um tæplega níu prósent á sex vikna tímabili. Úrskurðarnefnd raforkumála felldi úr gildi ákvörðun Orkustofnunar um raforkusala til þrautavara á síðasta ári. Straumlind er nýr aðili á markaði og vill að samkeppnisyfirvöld skoði háttsemi dótturfélags N1.

Íslensk orkumiðlun (ÍOM) og Straumlind, sem bæði starfa á smásölumarkaði með rafmagn, hafa keppst við að lækka verð til einstaklinga á undanförnum vikum. Frá lokum febrúarmánaðar hefur lægsta raforkuverð á markaði lækkað úr 7,15 krónum fyrir kílóvattstundina í 6,52 krónur, sem samsvarar um 9 prósentustiga lækkun á um það bil sex vikna tímabili.

Straumlind hóf að bjóða heimilum og fyrirtækjum rafmagn í smásölu þann 1. mars síðastliðinn, en ÍOM brást hratt við og lækkaði sín verð á móti. Verðlækkanir hafa svo haldið áfram á víxl síðan þá.

Í síðustu viku var greint frá því að Straumlind hefði sent Samkeppniseftirlitinu (SKE) erindi vegna meints framferðis ÍOM. „Eftir því sem Straumlind kemst næst hófst starfsemi ÍOM ekki með ólíkum hætti og hjá Straumlind. Einstaklingar með þekkingu og áhuga á raforkumarkaðinum stofnuðu raforkusölufyrirtæki og hófu sölu á rafmagni á almennum markaði. ÍOM lagði áherslu á lægra verð en samkeppnisaðilarnir og naut góðs af því í vexti félagsins," segir meðal annars í erindi Straumlindar til SKE.

„Straumlind hefur ekki nýjustu upplýsingar um markaðshlutdeild ÍOM en telur ekki óvarlegt að áætla að hún hafi vaxið umtalsvert á því ári sem liðið er frá því að Festi hf. keypti allt hlutafé félagsins. [...] Straumlind fer þess á leit að Samkeppniseftirlitið taki háttsemi Íslenskrar orkumiðlunar gagnvart Straumlind til skoðunar og hvort hún geti talist hafa skaðleg áhrif á samkeppni á markaði, þrátt fyrir að hún brjóti mögulega ekki gegn bannákvæðum samkeppnislaga," segir jafnframt í erindi Straumlindar.

Þegar þetta er skrifað býður Straumlind upp á lægsta raforkuverð til neytenda, eða 6,52 krónur á kílóvattstundina. ÍOM býður 6,53 krónur.

Magnús Júlíusson var meðal stofnenda ÍOM og starfar nú sem deildarstjóri á orkusviði N1 í kjölfar yfirtöku Festi, segir að samkeppni á raforkumarkaði sé fagnaðarefni. „Samkeppni er neytendum til hagsbóta. Þegar við komum inn á markaðinn bjuggumst við við miklu meiri viðbrögðum frá gamalgrónu raforkusölunum en þau voru mjög takmörkuð. Núna er samkeppnin farin af stað sem hefur orsakað töluverða verðlækkun á mörkuðum á stuttum tíma," segir Magnús.

Raforkuverð til íslenskra heimila hefur lækkað hröðum skrefum að undanförnu samfara aukinni samkeppni.

> **Núna er samkeppnin farin af stað sem hefur orsakað töluverða verðlækkun á mörkuðum á stuttum tíma**
>
> Magnús Júlíusson, deildarstjóri orkumála hjá N1

Raforka til þrautavara

Nýlega tók Orkustofnun upp nýtt verklag við ákvörðun á svokölluðum raforkusala til þrautavara. Alltaf þegar einstaklingar flytja í nýtt húsnæði eða þurfa að skrá sig hjá raforkusala í fyrsta sinn þurfa viðkomandi að velja sér raforkusala innan fárra sólarhringa. Annars enda viðkomandi í viðskiptum hjá raforkusala til þrautavara.

„Áður fyrr settu dreifiveitur alla í viðskipti hjá sínum tengdu aðilum. RARIK setti fólk í viðskipti hjá Orkusölunni, Veitur sendu alla til Orku Náttúrunnar og HS Veitur skráðu viðskiptavini hjá HS Orku," segir Magnús, sem segir að ÍOM og aðrir aðilar á markaði hafi krafist þess að fleiri hefðu kost á því að verða raforkusali til þrautavara, eða sjálfvirkur raforkusali eins og það kallaðist í eldra kerfinu.

Í kjölfarið hóf Orkustofnun að útnefna raforkusala til þrautavara og hreppti ÍOM hnossið fyrst fyrirtækja fyrir tímabilið 1. júní til 31. október 2020. Orkusalan, sem er dótturfyrirtæki RARIK, kærði hins vegar þá ákvörðun, enda hefði Orkustofnun ekki fullnægt lögbundinni rannsóknarskyldu sinni við ákvörðun um raforkusala til þrautavara.

Fram kemur í umfjöllun úrskurðarnefndar raforkumála um málið að verklag Orkustofnunar fól í sér að skoða verð á vefsíðunni aurbjorg.is og láta smásöluverð þann 13. maí 2020 liggja til grundvallar ákvörðunar um raforkusala til þrautavara á fimm mánaða tímabili.

En snýst málið einfaldlega um að hljóta sess raforkusala til þrautavara, svo einstaklingar sem ekki skeyta um að velja sér raforkusala lendi þar? Símon Einarsson, einn eigenda og starfsmanna Straumlindar, segir að svo sé ekki: „Raforkusali til þrautavara er ekki allt. Það er gaman að geta boðið heimilum lágt verð. Því stærri sem við erum því auðveldara er það. Síðan við komum á markað hefur rafmagnsverð lækkað og nú er um 20 prósenta munur á hæsta og lægsta verði en það jafngildir 1,2 milljörðum árlega fyrir íslensk heimili.

En það sem okkur finnst spennandi er að taka þátt í að gera raforkukerfið snjallara. Á þeim vettvangi eru ýmis spennandi tækifæri. Eitt dæmi er að með tilkomu snjallmæla á íslenskum heimilum opnast sá möguleiki að selja ódýrara rafmagn á nóttunni. Slíkt getur hentað rafbílaeigendum ákaflega vel og það yrði kjörið að hlaða bílinn að næturlagi. Þannig má bæði spara og dreifa álaginu betur á raforkukerfið," segir Símon. **thg@frettabladid.is**

Hafði ekki áhrif á gjaldeyriskaup Gildis

Síðari hvatning Seðlabanka Íslands til lífeyrissjóða um að halda að sér höndum við kaup á gjaldeyri, hafði ekki áhrif á kaup og sölu Gildis lífeyrissjóðs á eignum í erlendri mynt. Þetta kemur fram í nýbirtri ársskýrslu lífeyrissjóðsins.

Í mars 2020 hvatti Seðlabankinn íslenska lífeyrissjóði til að halda að sér höndum við kaup á gjaldeyri næstu þrjá mánuði þar á eftir með vísan til þeirrar óvissu sem þá ríkti í efnahagslífinu vegna áhrifa COVID. Sambærilegri hvatningu var komið á framfæri við sjóðina í júní.

„Afstaða Gildis var að það væru ekki forsendur fyrir þátttöku sjóðsins í slíku samkomulagi, þá með vísan til umboðsskyldu," segir í ársskýrslu Gildis.

„Sjóðurinn tók hins vegar hvatninguna til sín og lagði upp með að virða grundvallarsjónarmið hennar, enda staða gjaldeyriseigna sjóðsins góð á þeim tíma og ekki fyrirsjáanleg þörf á miklum gjaldeyriskaupum. Umrædd hvatning hafði þannig ekki áhrif á kaup og sölu Gildis á eignum í erlendri mynt."

Lögbundið hámark erlendra eigna lífeyrissjóða er 50 prósent.

> **Seðlabankinn hvatti lífeyrissjóði til að halda að sér höndum við kaup á gjaldeyri á fyrri hluta síðasta árs.**

Á undanförnum misserum hefur hlutfall erlendra eigna sjóðsins farið um og yfir 40 prósent en lögbundið hámark er 50 prósent. Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis lífeyrissjóðs, sagði í samtali við Markaðinn í febrúar að erfitt væri fyrir lífeyrissjóði að nýta það svigrúm til fulls án þess að eiga á hættu að skammtímasveiflur á gengi krónunnar og verðþróun á mörkuðum ýti hlutfalli eigna í erlendri mynt upp fyrir lögbundið hámark.

„Þessar takmarkanir geta því verið óheppilegar ef góð tækifæri og aðstæður eru annars fyrir hendi til að bæta við fjárfestingar erlendis," sagði Davíð. **– þfh**

VORTILBOÐ

30% afsláttur

Mark32net
skrifborðsstóll
á vortilboði,
30% afsláttur

Fjölstillanlegur skrifborðsstóll
með netbaki og bólstraðri setu.
Fjöldi áklæða í boði.

60.254 kr. án arma með vsk
68.956 kr. með örmum með vsk

Á. GUÐMUNDSSON
STOFNAÐ 1956

www.ag.is ag@ag.is 510 7300 Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur

Samskiptin við stéttarfélögin erfið

Birgir Örn Birgisson hefur stýrt Domino's á Íslandi um tíu ára skeið, en mun senn hverfa til annarra verkefna. Hann hefur staðið framarlega í stafni í hagsmunabaráttu veitingageirans á Íslandi. Telur að endurhugsa þurfi aðferðafræði við gerð kjarasamninga.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Birgir Örn segir að komið hafi verið að kaflaskilum hjá sér, óháð því hver yrði endanlegur kaupandi að rekstri Domino's Pizza á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Birgir Örn Birgisson mun senn láta af störfum sem framkvæmdastjóri Domino's á Íslandi, en hann hefur gegnt starfinu í tíu ár. Á árinu 2011 var velta Pizza-Pizza ehf., móðurfélags Domino's á Íslandi, um 1,7 milljarðar og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði tæpar 80 milljónir króna. Árið 2019 var veltan komin í 5,7 milljarða og hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir farinn að nálgast hálfan milljarð.

Veitingageirinn, hvort sem um er að ræða hefðbundin veitingahús eða skyndibitastaði, hefur hins vegar farið afar illa út úr heimsfaraldrinum og þeim sóttvarnaráðstöfunum sem stjórnvöld um allan heim hafa gripið til.

„Skyndibitageirinn í heild sinni var tæplega sjálfbær fyrir faraldurinn og fór mjög versnandi síðasta árið. Það sem ég var einna ánægðastur með á síðasta ári hjá Domino's er að okkur tókst að auka við okkar markaðshlutdeild, þrátt fyrir að um það bil 12 nýir pítsastaðir hafi verið opnaðir á síðustu 14 mánuðum.

Veltan er hins vegar minni og afkoman hefur óhjákvæmilega versnað. Veltan dróst saman um tæp 8 prósent hjá okkur en við héldum okkar hlut í markaðshlutdeild og gott betur. Við berum núna tvær launahækkanir upp á 15 til 16 prósent, í miðjum heimsfaraldri, til viðbótar við hærri aðfangakostnað vegna lægri krónu og töluverðan samdrátt í veitingarekstri. Það eru sannarlega miklar áskoranir fyrir hendi í geiranum á þessum tímapunkti," segir Birgir Örn.

Ekki sama eign og 2017

Fjárfestahópurinn sem keypti rekstur Domino's á Íslandi greiddi 2,4 milljarða króna fyrir reksturinn. Þetta kom fram í tilkynningu frá seljandanum, hinu breska Domino's Pizza Group (DPG). DPG keypti reksturinn af þáverandi eigendum í tvennu lagi árin 2016 og 2017 fyrir um 8,4 milljarða.

Í fljótu bragði virðist því svo að Bretarnir hafi tapað mjög á fjárfestingu sinni á Íslandi, en Birgir Örn bendir á að málið sé ekki alveg svo einfalt: „Það er augljóst að tímasetningin á sölu Bretanna er sú versta með tilliti til efnahagsástandsins. Ákvörðunin um að selja var hins vegar tekin fyrir faraldurinn og hún snerist að miklu leyti um það að selja alþjóðlega hluta DPG og þar var norska rekstrareiningin erfiðust enda mikill taprekstur. Það var líka erfiður rekstur í Svíþjóð og Sviss.

Þeir vildu losa sig við þessar ósjálfbæru rekstrareiningar sem þurftu á mikilli fjárfestingu og fjármögnun að halda. Ísland var því bara hluti af því púsluspili því það hefði ekki verið skynsamlegt að selja öll önnur lönd en halda Íslandi einu inni.

Bretarnir kaupa Domino's á Íslandi ansi dýrt árið 2017 því að þá fylgdu með réttindin í Noregi og Svíþjóð. Þar sáu þeir tækifærið, Domino's á Íslandi var þeirra miði inn á þá markaði. Þegar talað er um verðmiðann á Domino's er ekki rétt að bera saman söluna 2017 við söluna í dag, þar sem þetta var miklu stærri pakki fyrir fjórum árum síðan."

Að sögn Birgis upplifði hann í söluferlinu að það væri komið að kaflaskilum óháð kaupanda. „Á þeim tímapunkti leit út fyrir að fjárfestingasjóðurinn Alfa væri að hreppa hnossið en ég tilkynnti þeim afstöðu mína, sem og fyrri eigendum og Birgi Bieltvedt sem endaði með að kaupa fyrirtækið og það í þriðja sinn.

Það er kominn tími á ný verkefni, nýjar áskoranir og stjórnarstörf. Þetta er búið að vera frábært og vel heppnað ferðalag, hefur gengið vonum framar og ég hef unnið með framúrskarandi starfsfólki. Einvala lið.

Það kannski stendur upp úr, samhliða góðum árangri, það góða fólk sem ég hef unnið með og myndað vináttu við, sá árangur sem við höfum náð saman og svo auðvitað sá sterki kúltúr sem við bjuggum til að gefa til samfélagsins. Mér lætur nærri að við höfum styrkt íþróttafélög, góðgerðarmál, skóla og félagasamtök um nærri 500 milljónir á þessum tíma sem ég er virkilega stoltur af."

Þungur launakostnaður

Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði (SFV) eru ennþá formlega óstofnuð en hafa hins vegar rutt sér til rúms í umræðunni á síðastliðnum mánuðum. Fram hefur komið í fréttum og umræðum um kjarasamninga að Lífskjarasamningarnir frá árinu 2019 hafi komið sérstaklega illa við veitingageirann.

> **Drífa byrjar fundinn á að segja að þessi gögn hafi enga vigt í hennar huga. Mér þótti það merkilegt upplegg.**

Hópurinn að baki SFV fékk endurskoðunarfyrirtækið KPMG til að vinna skýrslu um rekstrarumhverfi veitingageirans á Íslandi samanborið við nágrannalöndin.

Í skýrslunni kemur fram að ef ekki eigi að velta auknum launakostnaði út í verðlag verði afkoma veitingageirans á Íslandi orðin neikvæð að meðaltali strax á árinu 2021 – óháð áhrifum faraldursins. Jafnframt er launakostnaður veitingareksturs hér sá langhæsti á Norðurlöndunum, enda taki fyrirkomulag yfirvinnutaxta veitingageirans á Íslandi ekki tillit til hás hlutfalls hlutastarfsmanna sem eru jafnan með lágan starfsaldur, líkt og gert er í öðrum löndum.

Samkvæmt skýrslu KPMG hefur veitingageirinn á Íslandi sérstöðu, sem birtist meðal annars í því að tæplega 60 prósent allra vinnustunda í geiranum eru unnin utan hefðbundins dagvinnutíma. Það gerir það að verkum að margföldunaráhrif verða í launakostnaði við taxtahækkanir.

Vilja ekki hittast

Birgir Örn hefur verið einn af forvígismönnum SFV, en hann segir að hann og aðrir kollegar hafi gert tilraunir til að setjast niður með forsvarsmönnum stéttarfélaga til að útskýra stöðu kjarasamninga og áskoranir geirans.

„Við báðum um þrjá fundi, með Sólveigu Önnu hjá Eflingu, Drífu Snædal frá ASÍ og Ragnari hjá VR. Veitingageirinn er með mest af sínu fólki í Eflingu og því þótti okkur eðlilegt að setjast niður með þeim, skiptast á upplýsingum, reyna að skilja hverju þau eru að leitast eftir og útskýra svo okkar hlið á málum. Okkar fyrirætlun var að búa til aukinn og gagnkvæman skilning milli fyrirtækja í veitingarekstri og verkalýðsforystunnar og reyna að búa til einhvers konar samstarfsflöt.

En Sólveig hefur hingað til hafnað að hitta okkur, hún vill að hin óstofnuðu samtök taki opinberlega undir gagnrýni þeirra á launaþjófnað sem er á skjön við til dæmis skoðun Samtaka atvinnulífsins. Það er að okkar mati ekki samasemmerki milli þess að geta ekki borgað laun og launaþjófnaðar. En þetta er hennar krafa og forsendur fyrir samtali, við vorum ekki tilbúin að hefja samtal á þessum nótum. Auðvitað erum við á móti kennitöluflakki, það liggur í augum uppi og við höfum sagt það. Svo er það auðvitað þannig að í sumum tilfellum fara fyrirtæki raunverulega í gjaldþrot og ekki er hægt að gera upp allar launakröfur. Það er ekki rétt að kalla það launaþjófnað."

Lítill skilningur hjá ASÍ

Birgir segir samtalið við Drífu ekki hafa verið nægjanlega uppbyggilegt. „Við sendum á hana áðurnefnda skýrslu KPMG um rekstrarumhverfi veitingageirans á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin. Skýrar og sláandi niðurstöður en Drífa byrjar fundinn á að segja að þessi gögn hafi enga vigt í hennar huga.

Mér þótti það merkilegt upplegg. Það er raunverulegur vandi í greininni sem hefur valdið því að þúsundir starfsmanna hafa misst vinnuna, þeirra félagsmenn, en það virtist enginn vilji til þess að greina vandann.

Ragnar hjá VR sýndi okkar sjónarmiðum hins vegar skilning og þar kvað við allt annan tón. Þar fundum

Greinin ræður ekki við þessar launahækkanir, það er svo einfalt. Við vorum með hæsta launakostnaðinn á Norðurlöndunum sem hlutfall af tekjum fyrir samningana 2018 og bilið hefur breikkað enn meira núna

við fyrir raunverulegum vilja til að tala við okkur. En þar er ekki okkar starfsfólk og því kannski minna upp úr því samtali að hafa fyrir veitingamenn.

Okkur finnst almennt samskipti milli aðila hafa harðnað um of og okkur virðist lítill vilji til samvinnu og samtals," segir Birgir Örn og nefnir dæmi um mann í veitingarekstri sem neyddist til þess, í samskiptum sínum við Eflingu, að tilkynna þeim að hann væri að taka upp samtalið. „Það var eina leiðin til að eiga eðlileg samskipti við þau um málefni sem varða þeirra skjólstæðinga. Áður en hann fór að taka upp samtölin mætti honum ekkert nema óbilgirni í öllum samskiptum. Hér þarf nýja nálgun. Veitingageirinn var með 12 þúsund starfsmenn fyrir faraldurinn og langstærstur hluti þeirra í Eflingu. Forystan í Eflingu neitar svo að setjast niður með okkur nema alfarið á hennar forsendum."

„Í dag er Domino's óskoraður leiðtogi á íslenskum skyndibitamarkaði sem var ekki raunin." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meira færist undir borðið

Meðal þess sem fram kom í áðurnefndri skýrslu KPMG var að hlutfall launa af tekjum meðal íslenskra fyrirtækja á veitingamarkaði væri vel yfir 40 prósent, á meðan í samanburðarlöndunum í skýrslunni væri hlutfallið jafnan á milli 25 og 33 prósent.

Birgir Örn bendir á að sligandi launakostnaður muni einfaldlega orsaka að fleiri ákveði að borga laun svart, eða víkjast undan því að standa skil á opinberum gjöldum með öðrum hætti.

„Við erum að sjá dæmi þess að furðulegir hlutir eru að gerast í geiranum. Eitt fyrirtæki í veitingarekstri, sem treystir meðal annars á nætursölu, birti ársreikning nýlega þar sem launahlutfall var 12 prósent af veltu, langt undir þeim rúmlega 40 prósentum sem eru almennt í geiranum.

Þegar rekstraraðili veitingahúss birtir ársreikning með 12 prósenta launahlutfall, þýðir það annað hvort að viðkomandi er margfalt betri í rekstri en allir samkeppnisaðilar og geirinn í heild sinni. Eða þá að þeir geta ekki sýnt hærra launahlutfall í reikningum vegna þess að stór hluti launa er greiddur undir borðið. Dæmi hver fyrir sig.

Fyrir um 15 til 20 árum var veitingageirinn því miður að greiða mikið af svörtum launum en það nánast útrýmdist þegar virðisaukaskattur var lækkaður á veitingarekstur. Þá settu menn allar tekjur á borðið og fóru að reka þetta á eðlilegan og heiðarlegan hátt. Nú virðist bera á því, einkum meðal smærri rekstraraðila, að laun starfsmanna eru gerð upp undir borðið. Þetta er vegna uppbyggingar kjarasamninga þar sem yfirvinnutaxtar leggjast einfaldlega of þungt á veitingageirann."

Störfum fækkar

Önnur leið til að bregðast við hækkandi kostnaði er einfaldlega að hagræða í rekstri og fækka starfsfólki. „Domino's á Íslandi fækkaði starfsmönnum um 100 síðasta árið – um það bil 15 prósent af öllu vinnuafli fyrirtækisins," segir Birgir Örn.

„Við erum að stytta opnunartíma, auka framleiðni og nýta starfsfólkið betur. Þá höfum við verið að sjálfvirknivæða allt sem við getum og sú vinna er í fullum gangi samhliða því að auka þjónustuna. Sem hefur verið að virka enda erum við með hvað mestu ánægju viðskiptavina á mínum tíu ára ferli. Við höfum ekki verið að segja upp en sleppt því að ráða inn eftir að fólk hættir. Þá hefur sjálfvirknivæðingin og kaup í gegnum netið valdið því að símaverið okkar hefur minnkað um 60 til 70 prósent í mannafla."

Birgir bætir við að tæknivæðing sé óumflýjanleg en hraðhækkandi launakostnaður flýti allri slíkri þróun.

Vilja semja sjálf

En hvernig þarf þá að aðlaga kjarasamningana eða gerð þeirra veitingageiranum?

„Við vorum í ágætu sambandi við SA við samningsgerðina árið 2018. Hins vegar virðist vera sem samtökin hafi mætt ofurefli og Lífskjarasamningarnir voru einfaldlega of þungur baggi að bera fyrir veitingageirann á Íslandi. Þar var einfaldlega gefið meira eftir en veitingageirinn hefur efni á.

Besta árið í sögu Domino's á Íslandi var 2018, þá var hagnaður um 450 milljónir – algjört metár í íslenskum skyndibita fyrr og síðar. Launahækkanir næstu fjögurra ára eftir Lífskjarasamningana kosta okkur hins vegar um 100 milljónir meira en þetta metár eða um 550 milljónir. Það er galið.

Þarna er því verið að samþykkja hækkanir sem engin innistæða er fyrir og kalla á verðhækkanir. Við höfum lagt mikið undir að vera samkeppnishæf í verði og það er líklega einsdæmi að Þriðjudagstilboðið okkar er enn hið sama og fyrir tíu árum, þúsundkall.

Greinin ræður ekki við þessar launahækkanir, það er svo einfalt. Við vorum með hæsta launakostnaðinn á Norðurlöndunum sem hlutfall af tekjum fyrir samningana 2018 og bilið hefur breikkað enn meira núna," segir hann.

Birgir Örn útskýrir að í hans augum sé vandamálið fólgið í núverandi vinnumarkaðslíkani, þar sem gerðir eru heildarsamningar á vinnumarkaði óháð stöðu hverrar greinar fyrir sig. „Veitingageirinn er að greiða atkvæði um sömu samninga og allir aðrir og okkar vægi er það lítið að við höfum næsta engin áhrif á lokaniðurstöðuna.

Kjarasamningarnir miðast líka við dagvinnufólk, en langstærstur hluti okkar starfsfólks er að vinna á kvöldin og um helgar. Við erum með allt annað kerfi í gangi en stærstur hluti vinnumarkaðarins. Við erum að taka inn fólk 15 eða 16 ára og þjálfa það upp.

Í Svíþjóð er starfsfólk á þjálfunartaxta til að byrja með og svo taka launataxtar líka mið af starfs- og lífaldri. Þar byrjar líka yfir- og eftirvinna mun síðar en hérna. Hér heima eru menntaskólakrakkar að vinna tvö til þrjú kvöld í viku, um helgar og sumir með yfir hálfa milljón á mánuði. Fyrirtæki eins og Domino's standa vel í samanburði við aðra og geta unnið úr málum en smærri veitingahús ráða verr við þetta og því er afleiðingin minni fjölbreytni í veitingastaðaflórunni.

Einhverra hluta vegna hefur kjarasamningsgerð þróast þannig að allir þræðir liggja til SA," ítrekar Birgir Örn. „Veitingamenn hafa því lítið sem ekkert að segja um þá kjarasamninga sem þeir þurfa að undirgangast gagnvart sínu starfsfólki.

Þrátt fyrir þetta er félagafrelsi á Íslandi og því er líklegt að veitingamenn íhugi að breyta sinni nálgun á kjarasamninga. Annað hvort með því að fá sæti við borðið hjá SA eða einfaldlega semja sjálfir. SA hafa reynt sitt besta en stemmingin hinum megin borðsins er einfaldlega þannig þessa dagana að nálgunin þarf að vera önnur.

Á endanum er okkar krafa sú að við höfum einhvers konar beint vægi í ákvörðunum þegar kemur að kjarasamningum fyrir veitingageirann. Það er alveg ljóst að SA eru að reyna að finna lausn sem hentar. En það er svo mikið af mismunandi hagsmunum innan SA, sem fara ekki alltaf saman.

Þar er áskorun SA. Að sama skapi erum við að fást við verkalýðshreyfingu sem nálgast málin ekki með þeim hætti að samningar snúist um að skipta kökunni, heldur snýst þetta um einhverjar krónutölur sem eru ekki alltaf í samræmi við raunveruleikann og það sem er mögulegt."

Stoltur af árangrinum

Birgir Örn segist líta yfir síðustu tíu ár með miklu stolti. „Í dag er Domino's óskoraður leiðtogi á íslenskum skyndibitamarkaði sem var ekki raunin 2011. Þá vorum við á svipuðum stað og KFC og Subway.

Á leiðinni höfum við þrefaldað veltu, vorum valin markaðsfyrirtæki ársins sem var magnaður árangur, Menntasproti ársins í fyrra af SA sem og fyrirmyndarfyrirræki Creditinfo.

Við höfum verið að vinna með gervigreind síðustu árin, sett aukinn þunga í umhverfismál og Domino's netið og appið hafa hlotið óteljandi verðlaun. Í fyrra settum við met með Góðgerðarpizzunni og afhentum Píeta samtökunum nærri 10 milljónir sem ekki var vanþörf á. Þetta hefur verið góður tími með góðu fólki."

Vita upp á hár hvað virkaði hjá WOW

Stjórnendur Play vita nákvæmlega hvað virkaði og hvað virkaði ekki hjá WOW air. Líklegt að Play stækki markaðinn eins og WOW air með því að höfða til markhóps sem Icelandair nær síður til. Skráning á First North mun leiða í ljós samanburð á einingakostnaði.

Innkoma flugfélagsins Play þýðir að Icelandair þarf að leggja ofuráherslu á að draga úr kostnaði. Erfitt verður fyrir Icelandair að ná markmiðum um hækkun fargjalda þegar nýtt flugfélag selur ódýrari flugmiða til sömu áfangastaða. Þetta segir Egill Almar Ágústsson, fyrrverandi forstöðumaður leiðakerfis Icelandair og ráðgjafi hjá Boston Consulting Group.

„Lágfargjaldalíkanið, þar sem flugfélög notast við minni flugvélar (e. narrow-body) og bjóða upp á styttri ferðir, hefur margsannað sig. Flug yfir Atlantshafið er að sumu leyti frábrugðið því módeli en stjórnendur Play vita nákvæmlega hvar það virkaði og virkaði ekki hjá WOW air," segir Egill.

Aftur á móti eru markaðsaðstæður frábrugðnar því sem var fyrir COVID og erfitt er að spá fyrir um hvernig framboð og eftirspurn þróast á næstu misserum. „En það mun skipta miklu máli að geta selt flug ódýrt vegna þess að mörg félög munu keppa um sömu kúnnana. Play mun geta gert það," bætir hann við.

Play, sem hefur um langt skeið unnið að því að koma á fót flugfélagi hér á landi, hefur tryggt sér nýtt hlutafé frá breiðum hópi innlendra fjárfesta, meðal annars lífeyrissjóðum, að fjárhæð meira en fimm milljarðar króna.

Í hópi þeirra fjárfesta sem leggja hinu verðandi flugfélagi til nýtt fjármagn eru Stoðir, eitt umsvifamesta fjárfestingafélag landsins, eigendur Langasjós, sem á heildverslunina Mata og fjárfestingafélagið Brimgarða, félagið Fiskisund, sem Einar Örn Ólafsson fjárfestir fer fyrir, tryggingafélagið VÍS, lífeyrissjóðirnir Birta og Lífsverk ásamt verðbréfasjóðum í stýringu Akta.

„Já og nei," segir Egill, spurður hvort innkoma Play séu slæmar fréttir fyrir Icelandair. „Það verður vissulega erfitt fyrir Icelandair að ná markmiðum sínum um hækkun á fargjöldum. Þegar nýtt flugfélag kemur inn á markaðinn og selur ódýrari flugmiða á sömu áfangastaði er erfitt að hækka fargjöld."

Egill bendir hins vegar á að vandamál Icelandair snúist um kostnað frekar en tekjur.

„Á síðustu árum fyrir COVID fór félagið úr því að hagnast vel í mikið tap aðallega út af því að kostnaður hækkaði á meðan tekjur voru tiltölulega flatar. Samkeppni hefur áhrif á tekjur, en ekki mikil áhrif á kostnað og því má segja að vandamálið hafi aðallega komið innan úr félaginu en ekki vegna samkeppninnar."

Þetta gefur til kynna, að sögn Egils, að Icelandair hefði getað verið arðbært þrátt fyrir mikla samkeppni frá WOW ef einingakostnaðurinn hefði ekki hækkað eins og raun bar vitni.

Að sögn Egils er nægt pláss fyrir bæði Play og Icelandair á tengimarkaðnum yfir Norður-Atlantshafið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hliðstæða í Noregi

Nýtt norskt flugfélag, Flyr, var skráð á hlutabréfamarkað í Osló í byrjun mars. Með skráningunni náði Flyr að safna 70 milljónum Bandaríkjadala, eða sem nemur um 9 milljörðum íslenskra króna. Nýja flugfélagið, sem var stofnað af reynslumiklum stjórnendum úr norska fluggeiranum, áformar að kaupa eða leigja átta þotur og fjölga þeim upp í 28 á næstu þremur eða fjórum árum. Hyggst félagið grípa tækifærin sem fjárhagsörðugleikar Norwegian Air hafa skapað. Fyrsta áætlunarflug Flyr verður í byrjun júní.

„Flug yfir Atlantshafið er að sumu leyti frábrugðið [lággjaldamódelinu] en stjórnendur Play vita nákvæmlega hvar það virkaði og virkaði ekki hjá WOW air.

Egill Almar Ágústsson, fyrrverandi forstöðumaður leiðakerfis Icelandair og ráðgjafi hjá Boston Consulting Group

Stækka markaðinn eins og WOW

Play hefur nú þegar tryggt sér þrjár Airbus A321-leiguflugvélar til þess að hefja áætlunarflug á vinsæla áfangastaði íslenskra ferðamanna. Á tengimarkaðinum yfir Norður-Atlantshafið er nægt pláss fyrir bæði félög að mati Egils þar sem Ísland er hvort eð er með mjög litla markaðshlutdeild.

„Til og frá Íslandi, eins og innkoma WOW air sýndi, er líklegt að Play stækki markaðinn. WOW air fjölgaði ferðamönnum til Íslands með því að höfða til markhóps sem Icelandair náði ekki eins til. Við munum væntanlega sjá sömu áhrif með innkomu Play," segir Egill.

„Samt sem áður," bætir hann við, „þarf Icelandair einfaldlega að leggja ofuráherslu á að lækka einingakostnaðinn. Þegar samkeppnisaðili kemur inn á markað og selur svipaða vöru á mun lægra verði, þá verða viðbrögðin að vera að lækka kostnað til að geta keppt á verðum. Dæmin í flugsögunni um flugfélög sem hafa náð að lifa með beinni samkeppni frá lágfargjaldaflugfélagi eru flest þannig."

Skýr samanburður í vændum

Þá er stefnt að skráningu félagsins á First North-markaðinn í Kauphöllinni, sem er áformað að verði í næstkomandi júnímánuði, en samhliða því hyggst Play sækja sér um 20 milljónir dala í aukið fjármagn til viðbótar því sem það hefur nú þegar tryggt sér. Egill segir að skráningin geti leitt áhugaverðan samanburð í ljós.

„Ef Play skráir sig á First North-markaðinn, þá verða þeir að gefa upp sinn einingakostnað. Þá verður erfiðara fyrir Icelandair að sannfæra markaðinn um að hærri einingakostnaður þess félags sé vegna þess að það sé dýrt að reka flugfélag á Íslandi, því Play verður líka flugfélag á Íslandi," segir Egill. Þar sem WOW air var óskráð félag var slíkur samanburður ekki fyrir hendi.

thorsteinn@frettabladid.is

VEST

Vara mánaðarins

Verð frá:

483,800 kr

Modell 711

Hönnun Fredrik A. Kayser

Hægindastóll sem stendur tímans tönn. Hannaður árið 1960. Þessi dásamlegi stóll er margverðlaunaður fyrir klassíska hönnun sína og er þægilegur jafnt sem einstakur.

Hjelle

Ármúli 17 · 620 7200 · Fáanlegur í margvíslegum útfærslum · www.vest.is

Stundum þarf að leika ýmsar kúnstir til að vekja athygli á sér í atvinnuleit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kostir og gallar felast í að auglýsa launabil

Í sumum löndum tíðkast að gefa upp launabil í atvinnuauglýsingum. Það getur gert fyrirtækjum erfiðara fyrir að fá fjölbreyttan hóp umsækjenda til að velja úr. Jafnlaunavottun gæti aukið líkur á að launabil komi fram í auglýsingum.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Aðalástæða þess að launabil er ekki gefið upp í atvinnuauglýsingum á almenna markaðnum er hve lítill atvinnumarkaðurinn er hér á landi auk mikillar nálægðar og samkeppni. Þetta segir Katrín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs.

Athygli vakti að ferðaskrifstofan Luxury Adventures gaf upp launabil í atvinnuauglýsingu á Alfreð þar sem leitað er að sölumanni sem jafnframt sinnir vöruþróun.

Katrín bendir á að í atvinnuauglýsingum hjá hinu opinbera sé almennt tilgreint að laun séu greidd samkvæmt tilteknum kjarasamningum.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri Vinnvinn, segir að þegar hún var yfir mannauðsmálum hjá Alvogen og starfaði með mannauðsteymi í Ameríku, Asíu og Austur-Evrópu, hafi það verið misjafnt á milli landa hvort launabil hafi verið auglýst eða ekki.

Lengi ríkt launaleynd

Katrín bendir á að hérlendis hafi lengi ríkt launaleynd á almenna markaðinum, þar sem fólki hafi verið greitt eftir árangri og frammistöðu. „Fyrirtæki á almenna markaðinum vilja hafa frjálsar hendur til samninga við þann sem ráðinn verður. Þó hefur þetta breyst aðeins með tilliti til jafnlaunavottunar sem hefur verið innleidd nokkuð víða, bæði hjá opinberum fyrirtækjum sem og einkafyrirtækjum. Samanburður á launum kann að verða sýnilegri með þeirri innleiðingu.

Mögulega verður þróunin sú að fyrirtæki kjósa að gefa upp ákveðið launabil í auglýsingum, þar sem þau verða bundnari í hefðbundnum launasamningum. Ókostir við að tiltaka ákveðin laun eru að það getur gert fyrirtækjum erfiðara fyrir að fá fjölbreyttan hóp umsækjenda til að velja úr og getur umsóknarhópurinn orðið einsleitnari fyrir bragðið. En á móti má telja það kost að einungis þeir sækja um sem telja launin viðunandi (nægjanlega há til að geta lifað af þeim) og það fækkar þeim mikla fjölda sem sækir um hvert starf og mikil vinna fer í að greina á milli umsækjenda með líkan bakgrunn og reynslu," segir hún.

> **Fyrirtækið hefur þá ekki kost á að endurskoða launatölu fyrir hæfari starfsmann og koma til móts við þann aðila.**

Thelma Kristín Kvaran, ráðgjafi hjá Intellecta

Vegur ekki upp ókostina

Thelma Kristín Kvaran, ráðgjafi hjá Intellecta, segir að kostirnir við að auglýsa launabil vegi ekki upp ókostina þar sem aðstæður geti verið breytilegar.

„Aðstæður á samkeppnismarkaði geta verið mismunandi þar sem tímabundið getur verið lítið framboð af sérfræðiþekkingu og það getur skapað tímabundna þenslu á markaðnum og öfugt, það getur verið tímabundinn samdráttur," segir hún.

Thelma Kristín segir kostina við að auglýsa launabil vera að umsækjendur séu upplýstir um launin. Þá verði minna um að umsækjendur dragi umsóknina til baka eða hafni starfi þar sem þeim hugnist ekki kjörin. „Jafnframt væri þá minna um ónauðsynleg viðtöl og þetta gæti því verið mikill tímasparnaður til lengdar fyrir báða aðila.

Annar kostur er að fyrirtæki geta séð hvað er greitt fyrir svipuð störf hjá öðrum og áttað sig á samkeppnishæfni sinni. Starfsfólk myndi jafnvel flytjast á milli fyrirtækja vegna betri kjara. Að sama skapi væri starfsfólk sem er nú þegar hjá fyrirtækinu upplýst um launin sem gæti verið kostur fyrir sum fyrirtæki en galli fyrir önnur," segir hún.

Að sögn Thelmu Kristínar hafi umsækjendur mismunandi getu og atvinnurekendur séu oft jafnvel reiðubúnir að greiða mun meira fyrir starfsmann sem hefur eitthvað til að bera umfram væntingar. „Ókostir gætu því helst verið að færri umsækjendur sækja um eða þá ekki eins hæfir umsækjendur. Fyrirtækið hefur þá ekki kost á að endurskoða launatölu fyrir hæfari starfsmann og koma til móts við þann aðila. Auk þess ef ákveðið launabil er gefið upp þá er líklegt að flestir stefni á efri hluta tölunnar og því gæti verið erfitt að sannfæra þann einstakling sem fyrirtæki vill ráða um að taka starfinu á neðra launabilinu. Þá getur þetta einnig skapað innanhússóróa ef launabilið sem er opinberað er umfram það sem aðrir telja sig eiga rétt á eða hafa," segir hún.

Ná eyrum fleiri

Jensína Kristín segir að þegar launabil er auglýst, sérstaklega ef launin eru há, séu meiri líkur á að ná eyrum umsækjenda sem hafi ekki endilega verið að hugsa sér til hreyfings en kunni að vera áhugaverðir í starfið. „Það er ákveðið gegnsæi að birta launin, þá vita umsækjendur hvað þeir eiga von á að fá greitt fyrir starfið og vita strax að hverju þeir ganga. Ef launin fyrir starfið eru lág eða í meðallagi þá er líka ákveðinn kostur að birta þau, þá er allavega ekki verið að sóa tíma umsækjenda sem hafa hærri launakröfur eða tíma þeirra sem standa á bak við ráðninguna," segir hún.

Að sögn Jensínu Kristínar fylgja því kostir að auglýsa starf án þess að nefna launin. „Fyrirtækið er í betri samningsaðstöðu og stjórnar alfarið ferlinu. Vinnuveitandinn leggur upp með að ná í besta umsækjandann á þeim launum sem hentar honum og er innan hans ramma. Auk þess er fyrirtækið ekki að opinbera sig gagnvart núverandi starfsfólki. Hins vegar eru mörg fyrirtæki komin með jafnlaunavottun þannig að launabilið fyrir tiltekið starf á að hafa verið skilgreint og þekkt innan þess hóps sem um ræðir hjá fyrirtækinu."

Hún lætur þess þó getið að ýmislegt dríf fólk áfram í atvinnuleit og laun hafi sannarlega verið mikilvægur þáttur. Þróunin sé þó að æ fleiri umsækjendur ræði að fyrra bragði um stefnu, hvað fyrirtækið standi fyrir og gildi þess áður en spurt sé um launin.

RAFMÓTORAR

SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF
kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Skotsilfur

Fékk sitt

Stuttu eftir að forstjóri Festar hafði greint frá því að keppinautar smásölufélagsins vildu fá eignir á gjafverði í kaupbæti með verslun Kjarvals á Hellu barst tilkynning sem staðfesti orð forstjórans. Samkaup hefur náð samkomulagi um kaup á bæði versluninni á Hellu og Krónunni í Nóatúni. Samkeppniseftirlitið fékk sitt fram. **Páli Gunnari Pálssyni**, forstjóra stofnunarinnar, verður tíðrætt um mikilvægi þess að tryggja samkeppni í fámennu landi eins og Íslandi þar sem tilhneiging sumra atvinnugreina er í átt að fákeppni. En jafnframt má segja að smæð landsins séu rök gegn handstýringu Samkeppniseftirlitsins. Að minnsta kosti er ljóst að Samkaup voru í einkar sterkri samningsstöðu enda komu fáir aðrir kaupendur til greina. Fákeppnin tekur á sig ýmsar myndir.

Fátæklegt

Ríkisútvarpið, sem **Stefán Eiríksson** stýrir, er göfug stofnun að mati starfsmanna hennar og stuðningsmanna. Það er sjálfstæður og óháður fjölmiðill sem eltir ekki smelli heldur fjallar um þjóðmál á ítarlegan og vandaðan hátt. En þrátt fyrir göfuga yfirskrift, og þá 7 milljarða króna sem stofnunin fær á hverju ári frá auglýsendum og skattgreiðendum, sá Ríkisútvarpið ekki ástæðu til að minnast einu orði á það að Play hefði tryggt sér meira en 5 milljarða króna í nýtt hlutafé frá breiðum hópi fjárfesta. Hér er óþarfi að tíunda þjóðhagslegt mikilvægi þess að nýtt flugfélag komist á flug og fjölgi þar með ferðamönnum. Þetta er þó aðeins eitt dæmi um fátæklega umfjöllun Ríkisútvarpsins um efnahagsmál og viðskipti. Af nægu er að taka.

Slagkraftur

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri vék að sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins í ávarpi sínu á ársfundi bankans í síðustu viku. Seðlabankastjóri benti á mikilvægi þess að ein stofnun bæri ábyrgð á fjármálastöðugleika og hefði í hendi sér upplýsingar um fjármálakerfið og þróun kerfislegrar áhættu innan þess. Sameinuð hefur stofnunin slagkraft og ábatinn hefur komið bersýnilega í ljós. Það er nauðsynlegt að hnykkja á þessu, sérstaklega í ljósi þess að þingmenn Samfylkingarinnar, einkum **Oddný Harðardóttir**, hafa ítrekað haldið þeim undarlegu sjónarmiðum á lofti að sameiningin hafi veikt eftirlitsstarfsemina. Því fer fjarri og raunar er stórmerkilegt hvernig þingmennirnir geta reiknað sig að þeirri niðurstöðu.

Efnahagsaðgerðir Bidens settar á dagskrá

Mitch McConnell, leiðtogi Repúblikana í öldungadeildinni, ávarpar fjölmiðla í Washington. Þingið kom saman eftir tveggja vikna frí en leiðtogar Demókrata þrýsta á að efnahagsaðgerðir Joes Biden Bandaríkjaforseta, sem miða að innviðauppbyggingu, nái fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Verðbólguvandinn

Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá Akta sjóðum

Þegar kemur að íslenskri haggreiningu þá hafa hamskiptin á kjarnaverðbólgu í kjölfar kórónaveirufaraldursins síðastliðið ár verið eftirtektarverð þróun, en um leið áhyggjuefni. Verðbólguvandi blasir við til skemmri tíma og þáttaskil gætu verið fram undan þar sem há verðbólga reynist viðvarandi vandamál. Væntingar um vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands gætu þannig gjörbreyst á næstu misserum.

Í þessu samhengi þarf að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi er það árstaktur kjarnaverðbólgu sem stendur í 5,2% í dag og þar með langt yfir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Í öðru lagi eru það verðbólguvæntingar en framvinda þeirra undanfarið er farin að valda Seðlabankanum áhyggjum um hvort kjölfesta þeirra við verðbólgumarkmiðið hafi veikst. Traust kjölfesta verðbólguvæntinga hefur verið haldreipi bankans í gegnum nýlegt vaxtalækkunarferli.

Hvers vegna að einblína á kjarnaverðbólgu en ekki verðbólgu? Í einföldu máli má lýsa kjarnaverðbólgu sem þrengri mælikvarða á almennar verðlagsbreytingar. Hún undanskilur þannig áhrif þátta sem Seðlabankinn hefur enga stjórn á, til dæmis verðum á innfluttum matvælum og bensíni sem ráðast á heimsmarkaði, auk þeirra þátta sem hann hefur bein áhrif á með vaxtaákvörðunum sínum. Nýlegar vaxtalækkanir Seðlabankans hafa sem dæmi lækkað raunvaxtakostnað húsnæðislána umtalsvert og þannig dregið niður mælda verðbólgu. Áhrifin eru töluverð og má áætla að verðbólga sé tæplega 0,9 prósentum lægri en ella, eingöngu vegna lægri stýrivaxta Seðlabankans.

Verðbólguþrýstingur í hagkerfinu fer vaxandi



Því er mikilvægt að líta til kjarnaverðbólgu til að átta sig á undirliggjandi verðbólguþrýstingi í hagkerfinu en hann er töluverður í dag – eða sem nemur 5,2% og hefur ekki reynst hærri síðan um mitt ár 2012. Á sama tíma lítur út fyrir að bólusetningum gegn COVID-19 ljúki innan næstu þriggja mánaða. Bjartsýni heimila og fyrirtækja hefur einnig aukist að undanförnu, árstaktur launahækkana er í kringum 10% og þegar litið er út fyrir landsteinana er ljóst að miklar verðhækkanir eru að eiga sér stað á margvíslegum aðföngum og fullunnum vörum sem fluttar eru inn til landsins. Verðbólguþrýstingurinn er margþættur.

Það er ólíklegt að hægt verði að reiða sig á kröftuga gengisstyrkingu til að draga úr verðbólgunni líkt og raunin var á árunum 2015-17 þegar hagkerfið ofhitnaði. Þrátt fyrir umtalsverða framleiðsluspennu og tugprósentahækkun á húsnæðisverði á því tímabili hélst verðbólga undir 2,5% verðbólgumarkmiðinu vegna nærri 30% styrkingar á krónunni og hóflegrar verðþróunar innan erlendra hagkerfa og hrávörumarkaða. Til samanburðar hefur gengi krónunnar verið svo gott sem óbreytt síðasta árið en Seðlabankastjóri nefndi nýlega að bankinn myndi ekki vilja sjá of mikla styrkingu frá núverandi gildum. Verðbólguvandinn verður vart leystur með krónunni og ekki er víst að núverandi efnahagsslaki nægi til að ná fram hjöðnun á verðbólgu með vorinu líkt og Seðlabankinn bindur vonir við. Þáttaskil gætu því verið fram undan fyrir verðbólgusviðsmyndina ef verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja stíga hærra og magna upp þá krafta sem nú þegar hafa ýtt kjarnaverðbólgu langt umfram 2,5% verðbólgumarkmiðið. Þrátt fyrir að flestir mælikvarðar fyrir verðbólguvæntingar séu á ásættanlegum gildum þá eru sumir þeirra engu að síður að nálgast það sem kalla mætti efri þolmörk.

Verðbólguvæntingar heimilanna til tveggja ára eru sennilega besta dæmið um slíkt en þær stóðu í 4,0% í mars og höfðu þá hækkað úr 3,0% frá fyrri könnun. Allar hækkanir á þessum mælikvarða héðan í frá myndu þýða verstu niðurstöðu mælinga síðan í ársbyrjun 2014 og vekja upp réttmætar spurningar um hvort kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólgumarkmiðið sé rofin og verðbólguvandinn þannig að umbreytast í viðvarandi vandamál. Af þessum sökum mátti greina breyttan og áhyggjufyllri tón í umræðunni um verðbólguvæntingar í síðustu yfirlýsingu og fundargerð peningastefnunefndar Seðlabankans. Vont væri ef há og þrálát verðbólga yrði í samfloti með stóraukinni skuldastöðu ríkissjóðs sem ein arfleifð kórónaveirufaraldursins.

Það er því ekki útilokað að væntingar um vaxtahækkanir Seðlabankans taki miklum breytingum á næstu misserum, ekki síst ef verðbólgusviðsmyndin súrnar vegna versnandi verðbólguvæntinga heimila og fyrirtækja.

Drifkraftur og byggðafesta fiskeldisins

Njáll Trausti Friðbertsson
alþingismaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi

Þrátt fyrir viðsjár í efnahagsmálum hefur fiskeldi aflað meiri gjaldeyristekna en nokkru sinni og vægi þess aldrei verið meira. Á síðasta ári var slátrað um 40,6 þúsund tonnum af eldisfiski og útflutningsverðmæti nam um 29,3 milljörðum. Verðmæti útfluttra sjávarafurða nam um 270 milljörðum króna og því var hlutfall fiskeldis af útflutningsverðmæti sjávarafurða komið í um 11 prósent. Það eru tæp 5 prósent verðmæta vöruútflutnings þjóðarinnar.

Fiskeldið er því ekki einungis komið til að vera, heldur stefnir í að verða einn af grunnatvinnuvegum Íslendinga. Það hefur burði til að vaxa, ólíkt öðrum sjávarútvegi sem sækir í takmarkaða auðlind byggða á sjálfbærri nýtingu.

Útflutningsverðmætið í 100 milljarða?

Nýsamþykkt tillaga Hafrannsóknastofnunar um áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar laxeldis, gerir ráð fyrir að heimilt sé eldi 106 þúsund tonna í sjó. Vaxi það nærri gildandi áhættumati fiskeldisins, gæti útflutningsverðmæti sjóeldisins orðið nærri 80 milljarðar króna. Miðað við 800 króna greiðslu fyrir kílóið í útflutningi. Auk þessa verðmætis í sjóeldi er á næstu árum stefnt á landeldi á laxi, bleikju og öðru fiskeldi fyrir um 15 milljarða króna. Það lætur því nærri að útflutningsverðmæti fiskeldis geti orðið tæplega hundrað milljarðar króna á næstu árum. Gangi þetta eftir verður fiskeldið stór hluti útflutningsverðmæta íslenskra sjávarafurða.

Síðasta ár náði framleiðsla laxa í sjókvíum 32,3 þúsund tonnum og hefur 13-faldast frá árinu 2015. Í landeldi nam lax um 2,1 þúsund tonni árið 2020. Framleiðslu- og fjárfestingakostnaður landeldis er margfaldur á við kostnað sjókvíaeldis. Að auki er talið að kolefnisspor laxeldis á landi sé hærri. Liggur það meðal annars í orku- og landnýtingu ásamt endingartíma eldisstöðva. Engu að síður gætu falist tækifæri í landeldi þó meginframleiðslan á laxi yrði í sjókvíum.

Fiskeldið er landsbyggðarinnar

Fyrir alla áhugamenn um atvinnuuppbyggingu landsbyggðar er vaxtarþróun fiskeldis mikilvæg. Byggðastofnun telur að jafnaði hafa mátt rekja um 81 prósent atvinnutekna í fiskeldi til landsbyggðarinnar.

Á það ekki síst við um fiskeldi á Austfjörðum, þar sem slátrað var 10,2 þúsund tonnum á síðasta ári. Nýsamþykkt hámarkseldi á laxi á ári gerir ráð fyrir 42.000 tonnum. Það er 60 prósenta aukning á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Seyðisfirði. Við blasir breytt efnahagsmynd eldisins: Kærkominn drifkraftur, það dregur úr einsleitni atvinnulífs og atvinnusköpun eykst til muna. Ungt fólk sækir í fjölbreytt verkefni fiskeldis og sama gildir um afleidd störf sem hafa skapast við að þjónusta fiskeldið. Byggðastofnun telur að hvert starf við sjókvíaeldi skapi 1 til 1,3 afleidd störf.

Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með Fiskeldi Austfjarða, sem hófst árið 2012 í Berufirði og hefur síðan farsællega byggt upp starfsemi þar og á Fáskrúðsfirði, og slátrun og vinnslu á Djúpavogi. Hluti afurðavinnslunnar er í Borgarnesi og seiðaeldið í Þorlákshöfn og í Kelduhverfi. Reksturinn sem heldur nú um 100 starfsmenn liggur því víða um landsbyggðina.

Sama gildir um fyrirtækið Laxar fiskeldi sem rekur seiðaeldi í Ölfusi en er með umfangsmikið og fullkomið sjókvíaeldi á Reyðarfirði með 16.000 tonna framleiðsluheimild á laxi. Slátrun fer fram á Búlandstindi í Djúpavogi, sem er í eigu þeirra og samstarfsaðila.

Einnig hefur verið áhugavert að sjá endurnýjun og uppbyggingu seiðastöðva, sem skila stöðugt fleiri seiðum til áframeldis. Námu fjárfestingar í seiðaeldinu í Kelduhverfi og á Kópaskeri um tveimur milljörðum króna á síðasta ári og fyrirhuguð er frekari uppbygging upp á 3 til 4 milljarða. Mikil þekking er fyrir hendi á Rifósi í Kelduhverfi. Starfsfólk með áratuga starfsreynslu og menntun í eldi frá Hólum.

Í sátt við umhverfið

Þrátt fyrir að stór hluti Íslands hafi verið lokaður fyrir fiskeldi frá 2004 og stjórnvöld setji eldinu æ strangari kröfur, óttast menn umhverfisáhrif og vöxt fiskeldisins.

Við skulum gera ríkar kröfur um uppbyggingu eldis í sátt við umhverfið. Innan eldisfyrirtækja er sterk umhverfisvitund enda sjálfra þeirra hagsmunir að ganga vel um náttúruna. Kröfur alþjóðlegra umhverfisvottana aga einnig starfsemina.

Ótti um aðkomu erlendra fyrirtækja í fiskeldi er ástæðulaus. Þau miðla íslensku eldi mikilli reynslu og þekkingu og dreifa fjárhagslegri áhættu af innlendri uppbyggingu. Áhugavert er að flest laxeldisfyrirtæki eru nú skráð á hlutabréfamörkuðum og íslenskir fjárfestar, þar með talið lífeyrissjóðir, hafa fjárfest í þessari vaxandi atvinnugrein. Óháð eignaraðild er fiskeldið að skilja mikið eftir sig í hinum dreifðu byggðum.

Efnahagsleg hagsæld mun áfram byggja á vexti útflutningsgreina. Þar verður fiskeldið æ mikilvægari drifkraftur atvinnusköpunar og byggðafestu, ekki síst á Austfjörðum.

“Ég veit allt um risaeðlur.
Hvað viltu vita?

Einhverfa er alls konar
Kauptu næluna á blarapril.is
BLÁR APRÍL

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 14. apríl 2021

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Þórður Gunnarsson

Félagsleg undirboð

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp þess efnis að launakjör skipverja um borð í íslenskum kaupskipum miðist við kjör í því landi þar sem umræddur skipverji hefur lögheimili. Er þetta gert til að auka hvata íslenskra skipafélaga til að sigla undir íslenskum fána, en íslensk kaupskip hafa ekki siglt undir fána Íslands frá árinu 2004. Er þetta meðal annars gert til þess að kaupskip sem annast vöruflutninga til og frá landinu falli undir íslensk lög, sem er góðra gjalda vert.

Gagnrýnendur benda á að þetta muni orsaka það sem kallað er félagsleg undirboð – það er að erlendar áhafnir verða ráðnar á skipin, þar sem kjarasamningar áhafnarmeðlima með lögheimili annars staðar en á Íslandi kveði hugsanlega á um lægri launakjör en íslenskir kjarasamningar kveða á um. Þetta er sagt þrátt fyrir að Ísland sé hluti af Evrópska efnahagssvæðinu þar sem frjáls för vinnuafls er heimil.

Spurningin er auðvitað sú hvar eigi að draga línuna í þessum efnum.

Erlend flugfélög á borð við EasyJet og WizzAir hafa á síðustu árum boðið upp á reglulegt áætlunarflug til Íslands. Áhafnarmeðlimir þessara flugfélaga eru á miklu lægri launum en flugmenn og flugliðar íslensku flugfélaganna. Felur það þá í sér félagsleg undirboð líka?

Er þá ekki rökrétt næsta skref að banna áætlunarflug erlendra flugfélaga til Íslands, þar sem launakjör starfsmanna félagsins kunna að vera lægri en gengur og gerist hjá íslenskum flugfélögum?

Það sér hver maður að umkvartanir um félagsleg undirboð fela einfaldlega í sér andstöðu við að Ísland sé þátttakandi á alþjóðlegum mörkuðum. Áðurnefnt frumvarp miðar einfaldlega að því að íslensk skipafélög standi jafnfætis erlendum keppinautum, hvorki meira né minna.

Ef þeim sem reka íslensk kaupskip verður gert að sætta sig við verri rekstrarskilyrði en erlendir keppinautar verður lokaniðurstaðan sú að hinir erlendu keppinautar munu hafa íslensku félögin undir. Sama hvað hverjum og einum finnst um félagsleg undirboð, er það niðurstaða sem enginn óskar sér.

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF

GuðjónÓ

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík

litrof@litrof.is · 563 6000

Seldi í MótX og stofnaði nýtt félag

Vignir Steinþór Halldórsson.

Vignir Steinþór Halldórsson, húsasmíðameistari og stjórnarmaður í Samtökum iðnaðarins, hefur selt hlut sinn í verktakafyrirtækinu MótX, og stofnað nýtt fyrirtæki. Samkvæmt heimildum Markaðarins var Vignir keyptur út af meðeigendum sínum í MótX, þeim Svani Karli Grjetarssyni og Viggó Einari Hilmarssyni. Hann hefur nú stofnað nýtt verktakafyrirtæki, Öxar ehf., ásamt Ævari Rafni Björnssyni lögmanni.

MótX, sem var stofnað árið 2005, hefur verið á meðal umsvifamestu verktakafyrirtækja landsins á undanförnum árum. Á meðal nýlegra verkefna félagsins var uppbygging á sex fjölbýlishúsum við Elliðabraut í Norðlingaholti.

Ársreikningur MótX fyrir árið 2019 sýnir að félagið hafði 1,6 milljarða króna í tekjur og 3,8 milljarða króna árið á undan. Hagnaðurinn nam rúmum 90 milljónum og stóð óbreyttur milli ára. Eignir félagsins námu 2,8 milljörðum króna og eigið fé rúmlega 200 milljónum.

Þá var MótX á meðal þeirra verktakafyrirtækja sem stefndu Reykjavíkurborg vegna meintra ólögmætra innviðagjalda sem borgin hefur innheimt á undanförnum árum í tengslum við uppbyggingu á húsnæðismarkaði. **– þfh**

09.04.2021

Það er lítið um smit, enginn alvarlega veikur og ég bind vonir við að hér verði frjálsara og opnara samfélag með hverjum deginum í átt að sumri.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra



Júlíus Jóhannsson hefur tekið tvö hylki af Protis liðum tvisvar á dag í þrjú ár. Hann losnaði fljótt við verki í hné og hefur haldið áfram að taka hylkin til að halda sér við. Hann mælir hiklaust með því fyrir alla sem glíma við verki í liðamótum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Protis fæðubótarefnin fást í öllum helstu stórverslunum, heilsuvöruverslunum og apótekum.

Alveg laus við verkina

Júlíus Jóhannsson var þjáður af verkjum í hné sem trufluðu hann þegar hann stundaði hjólreiðar. En eftir að hann byrjaði að nota Protis liði varð hann alveg verkjalaus og hann hefur verið góður árum saman.

Júlíus Jóhannsson er fasteignasali og mikill áhugamaður um hjólreiðar. Hann hefur notað Protis liði í um þrjú ár og fyrir vikið er hann alveg laus við verki í hné sem áður plöguðu hann.

„Ég hef mjög gaman af því að hjóla og geri það bæði á fjallahjóli og racer-hjóli og það er þar sem Protis liðir koma mér að gagni," segir hann. „Áður fann ég fyrir verkjum í hnénu sem voru að angra mig og urðu til þess að ég fór ósjálfrátt að reyna að hlífa hnénu. En nú er ég miklu betri.

Ég heyrði af Protis liðum í gegnum hana Hólmfríði Sveinsdóttur, sem er doktor í lífvísindum og næringarfræðingur og kom að þróun vörunnar til að byrja með," segir Júlíus. „Við þekkjumst vegna þess að við erum bæði úr úr Skagafirðinum, af Sauðárkróki, en þar er ég fæddur og uppalinn. Hún sagði mér að þetta virkaði og mælti með því að ég prófaði þetta.

Síðastliðin þrjú ár hef ég svo tekið tvö hylki tvisvar á dag. Verkurinn lagaðist tiltölulega hratt og svo hef ég bara haldið áfram að taka þetta til að halda mér við," segir Júlíus. „Þetta hefur reynst mér mjög vel og í dag er ég alveg laus við verki. Ég myndi því hiklaust mæla með þessu fyrir alla sem glíma við verki í liðamótum."

Fæðubót úr fiskprótíni

Protis liðir eru unnir úr fiskprótíni sem er þróað og unnið hér á landi. Protis vörurnar samanstanda af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín ásamt öðrum lífvirkum efnum, sem styðja við eðla auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða.

Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það innihaldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski.

> Í dag er ég alveg laus við verki. Ég myndi því hiklaust mæla með þessu fyrir alla sem glíma við verki í liðamótum.
>
> Júlíus Jóhannsson

Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin.

Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Protis liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.

Protis fæðubótarefnin fást í öllum helstu stórverslunum, heilsuvöruverslunum og apótekum.

Mæður eru ofurkonur

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Þóra Rós Guðbjartsdóttir er jógakennari og listdansari en undanfarin ár hefur jóga og hugleiðsla átt hug hennar allan. Hún rekur jógastúdíóið 101 yoga og heldur þar sérstök námskeið fyrir mæður.

Þóra stofnaði jógastúdíó á Njálsgötunni árið 2015 sem hún segir að hafi örugglega verið minnsta jógastúdíó í heiminum á þeim tíma.

„Við gátum í mesta lagi verið sjö í einum tíma. Ég var líka með ýmiss konar jógavarning og fjölbreytta jógatíma. Ég gekk með fyrsta strákinn minn þegar ég stofnaði stúdíóið og ég kenndi alla tímana sjálf til að byrja með. Eftir að tímunum fór að fjölga og kúlan á mér að stækka, réði ég kennara til að kenna tímana" segir Þóra, en hún byrjaði að kenna jóga aftur þegar strákurinn hennar var mánaðargamall.

„Maðurinn minn var á Akureyri í vinnu þannig ég var ein að reka stúdíóið og með nýfætt barn. Ég flutti síðan til Akureyrar og þurfti því að loka stúdíóinu. Eftir að móðurhlutverkið tók yfir átti ég í erfiðleikum með að finna aftur jafnvægið, kraftinn og það sem drífur mig áfram. Að stunda jóga og hugleiðslu hjálpaði mér mikið í að styrkja mig aftur líkamlega og andlega."

Þóra endurvakti jógastúdíóið sitt nýlega eftir að hafa tekið diplómunám í Háskólanum á Bifröst sem heitir Skapandi greinar.

„Sem listdansari hef ég unnið í skapandi geiranum við ýmis

Þóra þekkir það hversu erfitt það getur verið fyrir mæður að finna tíma fyrir sjálfar sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

fjölbreytt verkefni. Mig langaði að víkka sjóndeildarhringinn enn frekar og skráði mig í námið. Í náminu er fjallað dýpra um hvað skapandi greinar eru og hvaða áhif þær hafa á samfélagið. Einnig lærum við um rekstur fyrirtækja, verkefnastjórnun, markaðsfræði og fleira.

Þetta er mjög skemmtilegt nám og hjálpaði mér að kjarna mína hugmynd betur, sem er 101 yoga. Námið gaf mér hugrekki til að fara nýjar leiðir til að miðla jóga inn í líf fólks," útskýrir Þóra, sem stendur nú fyrir jóganámskeiði fyrir mæður.

Drífandi mæður

Á námskeiðinu veitir Þóra mæðrum persónulega ráðgjöf en það fer mest fram í gegnum streymi.

„Þannig geta uppteknar mæður gert æfingarnar þegar þeim hentar. Ég vil hjálpa mæðrum fyrst og fremst að ná árangri, finna drifkraftinn og styrkja í leiðinni líkama og sál með aðferðum jóga, hugleiðslu, tímastjórnun og markmiðasetningu. Ég stofnaði einnig Facebook-hóp sem heitir Drífandi mæður og er vettvangur fyrir mæður sem vilja deila hugmyndunum sínum, þiggja ráð og gefa ráð og hvetja hvor aðra áfram. Það eru nokkur pláss laus á námskeiðinu og hægt að skrá sig á 101yoga.is/namskeid," segir Þóra.

Þóra segir að eftir að hún eignaðist seinni strákinn sinn árið 2019 hafi hún tekið þá ákvörðum að hugsa betur um sig og brenna ekki út í vinnu.

„Það er margt sem gerist hjá mæðrum sem er ekki hægt að útskýra. Ég held að aðrar mæður tengi við það. Eins og til dæmis hormónaflæðið, skapið sveiflast mjög á þessum tíma og ekki er mikið um svefn. Sem tveggja barna móðir hef ég upplifað stundir þar sem ég hef ekki trúað að ég hefði það sem þyrfti eða að ég væri hreinlega ekki nógu góð. Ég þekki vel afsakanir eins og: „Ég hef ekki tíma í þetta" og „Ég get þetta ekki." Ég hef oft hitt mæður sem eru með ákveðna sýn á lífið og vilja láta drauma sína rætast, hvort sem það er líkamlegt markmið, að koma sinni list á framfæri, að fara aftur í skólann, að sækja um vinnu eða hvað sem er, en vegna tímaskorts, svefnleysis, þreytu og orkumissis þá látum við ekki verða af því. Við, sem mæður, þurfum hvatningu sem gefur okkur drifkraft og fær okkur til að þora að taka fyrstu skrefin í átt að draumunum. Mæður eru ofurkonur og við þurfum að vera duglegar að minna okkur á það."

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Píplagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna- o.m.fl.
https://runarmurari.is

Keypt & Selt

Til sölu

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Tilkynningar

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur á 204. fundi sínum þann 8. október 2020 samþykkt að auglýsa eftirfarandi, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Stafholtsveggir II í Borgarbyggð – Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Breytingin felst í breyttri landnotkun 4,5 ha svæðis í landi Stafholtsveggja II, úr landbúnaði í verslunar- og þjónustusvæði fyrir ferðaþjónustu með gistingu, veitingasölu o.fl. Svæðið verður merkt S11 á sveitarfélagsuppdrætti. Ný aðkomuleið að Stafholtsveggjum II mun tengjast núverandi heimreið austan við íbúðarhús Stafholtsveggja I.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.borgarbyggd.is frá 14. apríl 2021 til og með 28. maí 2021. Ef óskað er eftir nánari kynningu á tillögunni þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með **28. maí 2021** og skal athugasemdum skilað skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulagsfulltrui@borgarbyggd.is

Borgarbyggð, 14. apríl 2021.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ
www.borgarbyggd.is

Lítið eknir árgerð 2020
NISSAN LEAF TEKNA 40 kwh

VERÐ AÐEINS
3.880
ÞÚSUND stgr.

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- App aðgangur
- 360°Myndavélakerfi
- Leðursæti
- Hiti í sætum og stýri
- Bosel hljóðkerfi
- ProPilot

Evrópubílar í ábyrgð
8 ára rafhlöðuábyrgð

Komið og reynsluakið
Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

Bílar í verksmiðjuábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Umhverfismat fyrir eldisstöð í Vestmannaeyjum

Sjálfbært fiskeldi í Eyjum ehf. hefur undanfarið unnið að undirbúningi vegna framkvæmdar á fiskeldisstöð fyrirtækisins í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og hefur verkfræðistofunni EFLU verið falið að vinna umhverfismatið.

Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu EFLU; www.efla.is/umhverfismat. Allir geta kynnt sér drögin og lagt fram athugasemdir.

Athugasemdafrestur er frá 14. apríl til 31. apríl 2021.

Athugasemdir skal merkja *„Eldisstöð í Viðlagafjöru“* og senda með tölvupósti á netfangið aron.geir.eggertsson@efla.is eða með bréfpósti á:

EFLA Verkfræðistofa
B.t. Arons Geirs Eggertssonar
Lynghálsi 4, 110 Reykjavík

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. Þykkvaflöt 3-9 - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Þykkvaflöt 3-9, Eyrarbakka. Deiliskipulagsbreytingin tekur til einbýlishúsalóðanna Þykkvaflöt 3, 5, 7 og 9. Lóðirnar verða sameinaðar í tvær raðhúsalóðir þar sem heimilt verður að byggja 4 íbúðir á einni hæð á hvorri lóð. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulags.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammmi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Deiliskipulagsbreytingin er auglýst með athugasemdafresti frá 14.04.2021 til og með 26.05.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 26.05.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar
Anton Kári Halldórsson
Skipulagsfulltrúi.

Kynningarfundur um tillögu að nýju aðalskipulagi

Minnt er á áður auglýstan kynningarfund og vakin athygli á fyrirkomulagi fundar. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verður fundinum streymt á heimasíðu bæjarins.
Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi minnir á áður boðaðan **fund á morgun fimmtudaginn 15. apríl milli kl. 16:30 til 18:00 um tillögu að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.**

Tengill á fundinn verður á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is á fundardegi. Upptaka af fundinum verður síðan gerð aðgengileg á heimasíðu bæjarins eftir fundinn. Enn fremur mun kynningarefni fundarins verða aðgengilegt á heimasíðunni.
Hægt verður að senda inn fyrirspurnir til starfsmanna skipulagsdeildar meðan á fundinum stendur á tölvupóstfangið skipulag@kopavogur.is.

Kynning á tillögunni stendur enn yfir í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillöguna ásamt umhverfisskýrslu og fylgigögnum má nálgast á heimasíðu bæjarins á; https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 13:00.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillöguna. **Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega til** skipulagsdeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is **eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 6. maí 2021.**

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi

Kópavogsbær

kopavogur.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

14. APRÍL 2021 MIÐVIKUDAGUR

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar okkar kæru

Sigríðar Benediktsdóttur

frá Efra-Núpi,
Miðfirði, V.-Hún.

Sérstakar þakkir fá Jóna Jónsdóttir, vinkona Siggu, fyrir elsku hennar og einstaka umhyggju og starfsfólk Hrafnistu í Reykjavík fyrir hlýhug og alúð við umönnun hennar.

Aðstandendur

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Leví Tryggvason

Grýtubakka 12,
frá Skrauthólum,

lést á líknardeild LSH síðastliðinn laugardag. Þeim sem vildu minnast hans er bent á MS Setrið og/eða Hljóðbókasafn Íslands.

Elín Óskarsdóttir
börnin og fjölskyldur þeirra.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Jónína Gunnlaugsdóttir

Eskivöllum 11, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 30. mars.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 19. apríl kl. 13.00. Vegna aðstæðna verður eingöngu nánasta fjölskylda viðstödd.

Sigurður Jóhannes Hallgrímsson
Guðrún Aðalbjörg Sigurðardóttir **Yngvi Björnsson**
Gunnlaugur Sigurðsson **Birgitta Kristinsdóttir**
Sigríður Guðný Sigurðardóttir **Bjarki Franzson**
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hans Georg Bæringsson

málarameistari frá Ísafirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi 8. apríl. Útför fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 16. apríl klukkan 13.
Streymt verður frá útförinni: www.lindakirkja.is/utfarir/
Fjölskyldan sendir sérstakar þakkir til starfsfólks á deild B6, Landspítala Fossvogi.

Hildigunnur Lóa Högnadóttir
Hilmar Þór Georgsson
Íris Georgsdóttir **Júlíus G. Gunnlaugsson**
Halldór Högni Georgsson
barnabörn og barnabarnabarn.

†

Okkar elskaði eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

Jóhann Friðjón Friðriksson

sjómaður,

lést á Landspítalanum 3. apríl.
Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 16. apríl klukkan 11 og verður streymt á vefsíðunni www.seljakirkja.is

Fríða Eiríksdóttir
María Friðriksdóttir
Kristín Jóhannsdóttir Clem
Anna Lilja Marshall
Finnbogi Jóhannsson
Róbert Marshall
Berglind Jóhannsdóttir
Tómas Marshall
tengdabörn, barnabörn og langafabörn.

Litið með ánægju um öxl

Þegar Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona lítur til baka yfir ævi sína sem þann 12. apríl síðastliðinn spannaði 80 ár, er hún þakklát fyrir ævintýrin öll á þeirri gönguför.

Þau eru ófá hlutverkin sem Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona hefur túlkað um ævina, meðal annars á sviði Þjóðleikhússins og í sjónvarpi. „Ég held ég hafi alltaf ætlað að verða leikkona," segir hún en kveðst samt líka hafa lært hárgreiðslu, bara til öryggis. „Mamma var með hárgreiðslustofu fyrir ofan Gamla bíó í Ingólfsstrætinu og ég byrjaði að hjálpa henni þegar ég var tólf ára. Var svo lærlingur hjá henni og fór í Iðnskólann, þar útskrifaðist ég sautján ára," rifjar hún upp.

Þetta var árið 1958. Fleira merkilegt gerðist í lífi Sigríðar sama ár, hún útskrifaðist úr Leiklistarskóla Þjóðleikhússins um vorið og var kjörin fegurðardrottning Íslands. „Ég var líka að leika í sýningum í Þjóðleikhúsinu seinni veturinn í leiklistarnáminu og þurfti að stökkva inn í söngleikinn Kysstu mig, Kata þegar vika var í frumsýningu, var einmitt að leika í Kötu kvöldið sem fegurðarsamkeppnin var. Skaust bara í hléinu úr leikhúsinu út í Tívolí í Vatnsmýrinni, þar sem keppnin var haldin og svo til baka. Eftir leiksýninguna fór ég aftur í Tívolí og frétti að ég væri orðin fegurðardrottning Íslands."

„Ég var svo heppin að fá að starfa að ástríðu minni allan þennan tíma með frábæru listafólki og takast á við alls konar hlutverk, kómísk og dramatísk." MYND/AÐSEND

Fegurðin og fiskurinn

Margt ánægjulegt rifjast upp smátt og smátt þegar Sigríður byrjar að segja frá. Fegurðardrottningartitillinn fleytti henni vestur um haf, fyrst til New York og þaðan til Kaliforníu að keppa í alheimsfegurðarsamkeppni á Langasandi. „Það var auðvitað heilmikið ævintýri allt saman, þvílík hátíðarhöld," segir hún. „Ég var nokkrar vikur hjá góðum hjónum sem höfðu flutt frá Winnipeg til Kaliforníu, frúin dekraði við mig og keyrði mig um. Ég fór líka milli búða og borga að kynna íslenskan fisk í fallegum umbúðum."

Sigríður kveðst hafa verið ákveðin í að nota Bandaríkjaferðina til að fara í framhaldsnám í leiklist og hún hafi komist inn í mjög góðan skóla, Estelle Harman Actors Workshop í Hollywood, þar hafi hún verið í tvö ár og tekið þátt í mörgu skemmtilegu. „Ég fékk foreldra mína og systkini til að flytja út. Fyrst vorum við öll í Kaliforníu og fluttum svo til Texas. Þar vann ég í leikhúsi í Dallas í þrjú ár og lék fjöldann allan af skemmtilegum rullum. Svo sigldum við heim með Gullfossi, þá var ég búin að vera fimm ár úti."

Kómík og dramatík

Spurð hvort hún hafi fljótt fengið hlutverk hér á Íslandi eftir Bandaríkjadvölina svarar Sigríður: „Já, um leið og ég kom heim – í Þjóðleikhúsinu. Það var yndislegt, ég vann þar allan minn starfsferil. Var svo heppin að fá að starfa að ástríðu minni allan þennan tíma með frábæru listafólki og takast á við alls konar hlutverk, kómísk og dramatísk." Hún kveðst eiga margar uppáhaldspersónur í leikbókmenntunum, Snæfríður Íslandssól sé þar á meðal. „Það var meiriháttar að fá það hlutverk."

Fegurðardrottningin í skautbúningi.

Ég var líka að leika í sýningum í Þjóðleikhúsinu seinni veturinn í leiklistarnáminu og þurfti að stökkva inn í söngleikinn Kysstu mig, Kata þegar vika var í frumsýningu.

Sigríður gerir gott úr líðan sinni og heilsu. Áttræðisafmælið er nýliðið. „Við hittumst ég og stelpurnar mínar og afkomendurnir, barnabörnin eru nú orðin níu. Við förum út að borða saman og gerðum okkur glaðan dag í takti við sóttvarnalög. Ég á þrjár stelpur, Ingibjörgu, Þórunni og Dísellu, þær eru yndislegar." **gun@frettabladid.is**

†

Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Sigríður Vilmundardóttir

frá Hjarðarbrekku,
Grenigrund 14, Selfossi,

lést fimmtudaginn 8. apríl á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Lundi, Hellu.

Elsie Június **Runólfur Haraldsson**
Vilmundur Rúnar Ólafsson **Helga Sigurðardóttir**
Svala Ólafsdóttir **Svavar Jóhannesson**
Guðrún Bára Ólafsdóttir **Árni Snævar Magnússon**
og fjölskyldur.

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Maren Kristín Þorsteinsson

Miklubraut 56,

fædd á Sandi, Sandey í Færeyjum, lést á hjúkrunarheimilinu Grund sunnudaginn 11. apríl. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir fær starfsfólk Grundar fyrir góða umönnun.

Gréta Kjartansdóttir **Matthías Hannes Guðmundsson**
Kjartan Hrafn Matthíasson **Sigurbjörg Eyjólfsdóttir**
Kristín Ásta Matthíasdóttir **Jón Þorgrímur Stefánsson**
og barnabarnabörn.

NÝ OG GLÆSILEG
17
GALLERI 17 VERSLUN VERÐUR
OPNUÐ Í SMÁRALIND Í LOK APRÍL
ÞVÍ ER
RÝMINGARSALA
Í GALLERI 17 SMÁRALIND
VINSÆL VÖRUMERKI Á ALLT AÐ
70% AFSLÆTTI
NÝJAR VÖRUR Í GALLERI17 Í KRINGLUNNI
gallerisautjan
galleri17
ntc.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Víða sunnan og suðvestan 8-13 m/s í dag og dálítil rigning eða skúrir, en þurrt og bjart norðaustan- og austanlands. Hiti víða 5 til 10 stig yfir daginn.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C | 7	5 °C | 18	8 °C | 16
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
9 °C | 4	7 °C | 2	2 °C | 10

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 °C | 11	5 °C | 7	9 °C | 5
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 9	8 °C | 7	3 °C | 21

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 10	7 °C | 8	10 °C | 5
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
11 °C | 10	9 °C | 9	2 °C | 17

LÉTT

			9			3		7
	2	4	7					6
	7		4				1	
		6			7	2		
	9	7			2		6	
	3	8	1	6				
				5		4	2	
3	6	1		4		5		
	5		3					

MIÐLUNGS

	1	4		8				
					2	4		
							5	9
3	8		7	5		2		
			9		1	5		8
6				2				
	3		6				4	
7	2		1		9			
5							1	

ÞUNG

1		9				8		5
		6					4	
	5	7					1	3
				4	6			9
	3		9					1
		2		5				
8				7	2			
	1							
	9	3				2		

Krossgáta

LÁRÉTT
1 hrís
5 léleg
6 öxull
8 uppkast
10 í röð
11 félaga
12 vegghamar
13 skjótur
15 raðtala
17 týna

LÓÐRÉTT
1 slengjast
2 stækkuðu
3 miski
4 rákir
7 drykkur
9 raspa
12 skemmtun
14 nægilegt
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 kjarr, 5 aum, 6 ás, 8 skissa, 10 tu, 11 vin, 12 berg, 13 snar, 15 tólfti, 17 glata.
LÓÐRÉTT: 1 kastast, 2 juku, 3 ami, 4 rásir, 7 sangría, 9 sverfa, 12 ball, 14 nóg, 16 tt.

Skák

Gunnar Björnsson

Scerbakov átti leik gegn Neumann í Búdapest árið 1989.

1. Dxd8! Dxf1 2. Kh2 Hxd8 3. He7+ Kh8 4. Be5+ Kg8 5. Rh6+ Kf8 6. Hh7# 1-0. Nýjar samkomutakmarkanir í gær þýða að skákstarf snýr aftur í raunheima. Það styttist í síðari hluta áskorendamótsins í Katrínarborg sem hefst á mánudaginn.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik

Á frettabladid.is finnur þú..
- nýjar fréttir
- léttar frettir
- íþróttafréttir
- viðskiptafréttir
- skoðanapistla
- Halldór

og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9

9	2	7	5	4	8	3	6	1
8	4	5	6	3	1	9	2	7
1	3	6	9	2	7	4	5	8
7	5	2	1	6	3	8	9	4
3	9	8	4	5	2	1	7	6
6	1	4	7	8	9	2	3	5
2	7	1	8	9	5	6	4	3
5	6	3	2	1	4	7	8	9
4	8	9	3	7	6	5	1	2

1	5	4	8	2	6	9	3	7
6	3	7	1	9	5	4	8	2
8	9	2	3	4	7	5	1	6
2	8	6	5	1	9	7	4	3
9	7	5	4	3	8	6	2	1
3	4	1	7	6	2	8	9	5
4	2	8	6	5	3	1	7	9
5	1	9	2	7	4	3	6	8
7	6	3	9	8	1	2	5	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

PRIMAVERA FURNITURE

JUNE

FRÁ PRIMAVERA

Ný sending og nýir litir. Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá Vogue fyrir heimilið. JUNE er fáanlegur í fjölmörgum útgáfum, mismunandi áklæðum og litum.

Verð frá 139.800 kr.
2ja sæta sófi

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Það var eiginlega tregafullt að klára bókina, segir Gunnar Þorri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Heimur sem hægt er að búa í

Gunnar Þorri Pétursson leiðir námskeið um Karamazov-bræðurna eftir Fjodor Dostojevskí. Er í senn helgisaga og svört messa.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Gunnar Þorri Pétursson leiðir fimm vikna námskeið um Karamazov-bræðurna, hina miklu skáldsögu Fjodors Dostojevskís. Námskeiðið hefst 28. apríl og er fyrsti viðburðurinn á dagskrá nýstofnaðs menningarfélags, Ástvinir Rússlands, en aðstandendur þess eru Ragnheiður Pálsdóttir og Kristín Eiríksdóttir auk Gunnars Þorra.

Í ár eru einmitt 200 ár frá fæðingu Dostojevskís og því tilvalið fyrir alla menningarunnendur að lesa hina stórkostlegu skáldsögu hans um Karamazov-bræðurna, en rómuð þýðing Ingibjargar Haraldsdóttur hefur nú verið endurútgefin í kilju.

„Okkur stofnendum Ástvina Rússlands fannst tilvalið að halda námskeið um þetta ótrúlega meistaraverk sem er hægt er að skoða frá svo mörgum hliðum og er eins og heimur sem hægt er að búa í. Þannig að fimm vikur er bara stutt stopp," segir Gunnar Þorri, en hann lærði rússneskar bókmenntir í Moskvu og Pétursborg.

Helgisaga og svört messa

Spurður hvað geri Karamazov-bræðurna að meistaraverki segir Gunnar Þorri: „Hún er helgisaga og svört messa í senn, glæpasaga og einn af hápunktum heimsbókmenntanna. Þegar ég las verkið fyrst sogaðist ég gjörsamlega inn í það og rankaði ekki við mér fyrr en að lestri loknum. Það var eiginlega tregafullt að klára bókina vegna þess að þar var ég í svo stórfenglegum heimi."

Skáldsagan er mikið persónugallerí og Gunnar Þorri er spurður hvort hann eigi sér þar eftirlætispersónu. „Það er svo merkilegt að þegar maður les hana á ólíkum skeiðum þá tengir maður á ólíkan hátt við hana. Þarna eru þrír bræður sem eru fulltrúar þriggja grunnþátta í mannlegu eðli. Það er Dmítrí sem er hið líkamlega, ástin og tilfinningarnar. Svo er það Ívan sem er hugurinn og intellektið. – Sjálfsagt tókst Dostojevskí aldrei að skapa jafn gáfaða persónu og Ívan. Og loks er það Aljosha sem er í leit að guði og verður eins og miðjan í sögunni – einhverra hluta vegna tengist ég honum sterkustu böndunum."

Af hverju tengir hann svo sterkt við Aljosha: „Samræður leika stórt hlutverk í Karamazov-bræðrunum og sögupersónur verksins opna sig allar gagnvart Aljosha. Ég dáist að því hvernig hann talar við innri mann sérhverrar persónu."



Karamazov-bræðurnir eftir Fjodor Dostojevskí er mikið meistaraverk.

Dostojevskí í París árið 1863.

Algjör lestrarnautn

Karamazov-bræðurnir eiga sér fjölda aðdáenda og því er oft haldið fram að hún sé besta skáldsaga sem skrifuð hafi verið. Spurður álits á þeirri skoðun segir Gunnar Þorri: „Þetta er allavega eftirlætisskáldsaga mín. Með þessum stóru skáldverkum á borð við Feður og syni, Önnu Karenínu og Karamazov-bræðurna nær gullöld rússnesku skáldsögunnar hæstu hæðum. Og það má alveg færa rök fyrir því að með Karamazov-bræðrunum sé sjálfum hápunktinum náð.

Um leið og maður talar svona finnst mér mikilvægt að undirstrika hvílík lestrarnautn er hér á ferð. Það er ekkert hátimbrað við Karamazov-bræðurna, maður þarf ekki að setja sig í neinar stellingar til að lesa þessa bók – hún er svo spennandi, fyndin og áleitin í senn. Dostojevskí skapaði iðulega persónur sem urðu svo lifandi að þær tóku völdin af honum. Þetta er heillandi og gerir bókina síkvika og lifandi."

> ÞEGAR ÉG LAS VERKIÐ FYRST SOGAÐIST ÉG GJÖRSAMLEGA INN Í ÞAÐ OG RANKAÐI EKKI VIÐ MÉR FYRR EN AÐ LESTRI LOKNUM.

Gunnar Þorri segist ekki geta beðið eftir námskeiðinu. „Ég hef haldið nokkur námskeið um skáldsögur Dostojevskís. Ég hef samt alltaf verið að bíða eftir tækifærinu til að kenna þessa. Það sem lengi vel stóð í vegi fyrir því var að bókin var ekki lengur til á íslenskum bókamarkaði en nú hefur Forlagið gert bót á því og þá er okkur ekkert að vanbúnaði."

Sem fyrr segir hefst námskeiðið þann 28. apríl og hægt er að skrá sig á tix.is.

NÚ SKAL LEIKA!

Leikjaborð Fighter
TILBOÐSVERÐ: 38.377.-
Verð: 45.149.-

AirPods 2019
Verð: 26.999.-

Leikjastóll Commander
TILBOÐSVERÐ: 32.282.-
Verð: 37.979.-

AirPods Pro
Verð: 45.999.-

Nintendo Switch
Verð: 64.999.-

Nuddpúði í leikjastól
TILBOÐSVERÐ: 7.054.-
Verð: 8.299.-

Metallix heyrnartól
TILBOÐSVERÐ: 2.543.-
Verð: 3.179.-

Metallix heyrnartól True Wireless
TILBOÐSVERÐ: 7.839.-
Verð: 9.799.-

Playstation 5 Digital Edition
Verð: 154.900.-

Bose QC35II Quiet Comfort
TILBOÐSVERÐ: 39.749.-
Verð: 52.999.-

HomePod Mini hátalari
Verð: 25.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 21. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

DORMA
Láttu drauminn rætast

VIKUTILBOÐ
8. til

VIKUTILBOÐUNUM
LÝKUR Í DAG

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

LICATA
hornsófi

VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Hornsófi í Kentucky koníak áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm
Fullt verð: 269.990 kr.

Aðeins **215.920 kr.**

KOLDING
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 139.900 kr.

VIKU
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Aðeins **111.920 kr.**

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

88,4%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
19.30 433.is (e) er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.00 Hin rámu regindjúp Fræðsluþættir úr smiðju Jóns Hermannssonar og Guðmundar E. Sigvaldasonar um eldvirknina undir fótum okkar.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
21.30 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Vikan með Gísla Marteini 2015 - 2016
12.20 Börnin í hjarta Afríku
12.40 Framapot
13.05 Opnun Hildur Bjarnadóttir og Helgi Þórsson.
13.35 Þú ert hér Magga Stína.
14.00 Poppkorn 1987
14.30 Joanna Lumley og Silkileiðin
15.15 Símamyndasmiðir
15.45 Í leit að fullkomnun
16.15 Músíkmolar
16.25 Okkar á milli Kristín Jónsdóttir.
16.50 Mamma mín
17.05 Frankie Drake
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Kúlugúbbarnir
18.24 Hæ, Sámur
18.31 Klingjur
18.42 Sara og Önd
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.45 Meistarinn. Mästaren Hvernig hugsa helstu listamenn og hugsuðir Svíþjóðar og hvaðan sækja þau sér innblástur og hvatningu? Í þessum þáttum er rætt við sænska meistara um sköpunarferlið, ákvarðanatöku og það hvernig mistök geta leitt til nýrra sigra.
21.10 Ógn og skelfing. The Terror
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Hinir óseðjandi. Teir ómettiligu
23.20 Mamma, pabbi, barn-Mamma, pappa, barn
23.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.40 PGA Tour 2021 Útsending frá Honda Classic.
12.55 PGA Tour 2021 Útsending frá Valero Texas Open.
17.55 European Tour 2021 Útsending frá Kenya Savannah Classic.
23.00 LPGA Tour 2021 Bein útsending frá LOTTE Championship.

SJÓNVARP SÍMANS

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Með Loga
15.45 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block Vinsælasta sjónvarpssería Ástralíu er komin aftur til Íslands. The Block er frábær þáttaröð þar sem ólík pör keppast við að endurbyggja ónýtar íbúðir og búa til glæsileg híbýli.
20.10 George Clarke's National Trust Unlocked
21.05 Chicago Med
21.55 Station 19
22.40 Queen of the South Dramatísk þáttaröð sem byggð er á metsölubók eftir Arturo Pérez-Reverte. Teresa Mendoza flýr frá Mexíkó til Bandaríkjanna eftir að kærasti hennar er myrtur. Kærastinn var dópsali og núna hyggur Teresa á hefndir gegn eiturlyfjabarón sem var ábyrgur fyrir dauða hans.
23.25 The Late Late Show
00.10 Love Island
01.05 Ray Donovan
01.55 9-1-1
02.40 Fargo
03.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti.
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga (13 af 26)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.45 Love's Last Resort
12.10 Ocean's Twelve
14.15 The Miracle Season
15.50 Love's Last Resort
17.15 Ocean's Twelve
19.20 The Miracle Season
21.00 Madame
22.25 King of Thieves
00.15 Inherit the Viper
01.35 Madame

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Feðgar á ferð
10.30 Masterchef USA
11.10 Margra barna mæður
11.45 Flirty Dancing
12.35 Nágrannar
12.55 Beauty Laid Bare
13.40 Ísbíltúr með mömmu
14.05 Líf dafnar Í fyrsta þætti af líf dafnar fjöllum við um svefn og grátur ungra barna og áhrif þess á fjölskylduna.
14.45 Temptation Island USA
15.45 Hell's Kitchen USA
16.30 Lóa Pind. Örir íslendingar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Heimsókn
19.35 First Dates
20.25 Grey's Anatomy
21.15 A Teacher
21.40 Sex and the City Ein eftirminnilegasta og skemmtilasta þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf.
22.15 Succession
23.15 The Blacklist
00.00 NCIS. New Orleans
00.45 Animal Kingdom
01.30 Veronica Mars
02.10 The O.C.
02.50 Masterchef USA

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Flash
22.00 Our Girl
22.50 Gasmamman
23.40 Svínasúpan
00.00 Friends
00.25 Friends
00.45 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Breiðablik - Grindavík 2008
09.25 Selfoss - ÍBV Útsending frá leik í Olís deild karla.
10.50 Fram - KA
12.05 Selfoss - Stjarnan
13.25 Haukar - Grótta
14.40 Valur - FH
16.00 Seinni bylgjan - karla
17.30 Hermann Hreiðarsson
18.05 ÍR - KR Útsending frá leik í Domino's deild karla.
19.30 Þór Þ. - Njarðvík
21.05 Stjarnan - Tindastóll
22.40 Domino's körfuboltakvöld

STÖÐ 2 SPORT 2

07.45 Meistaradeildarmörkin
08.15 Inter Milan - Cagliari
09.55 Juventus - Genoa
11.35 Real Valladolid - Granada
13.15 La Liga World
13.45 PSG - Bayern München
15.25 Spænsku mörkin
16.15 Chelsea - Porto
17.55 The Fifth Quarter
18.15 Meistaradeildin - upphitun
18.50 Liverpool - Real Madrid Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.30 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar
22.00 Ítölsku mörkin
22.50 Dortmund - Manchester City

SAMSUNG

FULLKOMIN GÆÐI Í HLJÓÐI OG MYND

AFSLÁTTUR 200.000 kr afsláttur AFSLÁTTUR

QLED Q70
Stærð 85"
Tilboðsverð 449.900 kr

AFSLÁTTUR 50.000 kr afsláttur AFSLÁTTUR

QLED Q80 Stærð 75"
Tilboðsverð 399.900 kr

AFSLÁTTUR 20.000 kr afsláttur AFSLÁTTUR

QLED Q80 Stærð 65"
Tilboðsverð 299.900 kr

AFSLÁTTUR 20% afsláttur AFSLÁTTUR

Tilboðsverð 279.920 kr
Stærð 65"

SAMSUNG
SOUNDBAR
Q76T *Dolby Atmos*



AFSLÁTTUR 30.000 kr afsláttur AFSLÁTTUR

Tilboðsverð 89.900 kr

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

Geðveiki, svefnleysi og málning

Sýningin Útför á sólarströnd samanstendur af verkum eftir myndlistarmanninn **Almar Atlason**. Hann málaði þau á eyjunni Réunion í Indlandshafi eftir að hafa útskrifað sjálfan sig úr meðferð tveimur dögum fyrir brottför.

Nú stendur yfir sýning á verkum Almars Atlasonar í Gallerí Mutt. Yfirskrift hennar er Útför á sólarströnd og samanstendur hún af verkum sem Almar málaði árin 2016 og 2017 á eyjunni Réunion, sem er í Indlandshafi.

„Ég hef eitthvað verið að fikta í þeim samt síðan þá. Ég var að reyna að strípa í burt alla málaratækni, ég vildi reyna að sjá hvað ég gæti gert með hreinum, ómenguðum pensilstrokum sem sjást alltaf í gegn. Þannig getur gestur séð hvernig málverkið verður til. Mig langaði að sjá hversu langt maður gæti komist á litum og formum, algjörlega laust við blöndun og alla nákvæmni," segir Almar.

Við gerð verkanna vildi Almar reyna að sjá hve langt hann kæmist á hreinum pensilstrokum og með því að sleppa allri málaratækni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vísun í ástandið

Hugmyndin að baki sýningunni er áríðandi tjáning að sögn Almars.

„Eins og alltaf í raun, þá er myndlistarmaðurinn bara að skoða eitthvað og að reyna að miðla því áfram. Ég reyni að túlka á striganum þessa óreiðukenndu tilvist og endalaust áreiti."

Nafn sýningarinnar segir hann beintengt við upplifun hans á þeim tíma sem verkin voru unnin.

„Þetta er svolítið vísun í ástandið. Sumir taka líf sitt þúsund sinnum á hverjum degi í huganum. Af hverju að gera það einhvers staðar þar sem er kalt, ömurlegt og dýrt að kaupa vín? Af hverju ekki að halda glæsilega partí-jarðarför á ströndinni á hverju kvöldi?," spyr Almar.

En af hverju varð eyjan Réunion fyrir valinu, af öllum stöðum?

„Eyjan er í Indlandshafi og er frönsk nýlenda. Hún er um það bil eins langt frá Íslandi og þú kemst á Evrópu-styrk. Þetta er er ótrúlega magnaður staður, skemmtileg hliðstæða við Ísland. Þetta er eldfjallaeyja, úti á miðju hafi. Við sáum þarna eldgos, svipað og er í gangi hérna núna. Réunion er að mörgu leyti eins lík og ólík Íslandi og hægt er. Þetta er lítið samfélag sem treystir mikið á fiskveiði. En svo er mjög blönduð menning þarna á meðan á Íslandi þá er hún frekar einsleit," segir hann.

Sváfu í kross

Landslagið er mjög fjölbreytt á Réunion. Þar er að finna frumskóga og sólarstrendur, en á miðri eyjunni eru eldfjöll og þar getur stundum orðið kalt.

„Þú getur á einum degi labbað úr 40 gráðum og strönd, gegnum frumskóg, síðan landslag sem minnir jafnvel svolítið á Wales og síðan bara Hekla."

Hann segir dvölina á eyjunni hafa verið eitt stórt ævintýri.

„Ég bjó þarna í húsbíl með vini mínum, fórum þarna tveir saman og rúntuðum um eyjuna, máluðum, skrifuðum og unnum. Þegar við keyptum húsbílinn þá vorum við svo spenntir að við föttuðum ekki að rúmið væri allt of lítið. Þannig við þurftum að sofa í kross til að geta báðir náð að vera með lappirnar útréttar. Síðan var þetta bara svona. Geðveiki, svefnleysi og málning."

Almar segir þá hafa upplifað sig mjög velkomna og kynnst mörgum innfæddum, þá sérstaklega í listasenunni.

„Þrátt fyrir tungumálaörðugleikana þá áttum við auðvelt með að blandast inn í menninguna og þá sérstaklega myndlistarheiminn. Við eignuðumst marga góða vini sem sumir hafa heimsótt Ísland síðan," segir Almar.

Fjarlægðin gerði gott

En hvernig kemur það til að Almar ákveður að sýna verkin núna, hálfum áratug eftir að þau voru máluð, og það í miðjum heimsfaraldri?

„Þetta og flutningurinn til Réunion er í raun eins og allt í mínu lífi, algjört slys. Þegar ég flyt til Réunion þá strýk ég í raun úr meðferð, tveimur dögum áður en ég fer út. Ég útskrifaði sjálfan mig út af Vogi. Þannig að það gerðist allt mjög hratt og undarlega. Núna í heimsfaraldrinum var mér boðið að vera með sýningu í Gallerí Mutt. Þá fór ég allt í einu að hugsa um þessi verk sem ég var búinn að drösla heimshornanna á milli. Þau eru skemmtileg, björt og ákveðin gleði og vor í þeim. Þá datt okkur í hug, mér og Júlíu sem er með Gallerí Mutt, að vinna úr þessum verkum einhverja sýningu sem ætti líka vel við í dag. Þessi verk hafa aldrei verið sýnd á Íslandi. Ég var með sýningu á þeim úti á Réunion, svo varð ég að geyma þau af því mér fannst þau svo geggjuð. En einhvern veginn hafði ég aldrei sjálfstraustið til að standa bak við þau. Maður vill oftast sýna eitthvað nýtt, en þetta er kannski bara eitthvað miklu betra," segir hann og hlær.

> **„ÞETTA OG FLUTNINGURINN TIL RÉUNION ER Í RAUN EINS OG ALLT Í MÍNU LÍFI, ALGJÖRT SLYS. ÞEGAR ÉG FLYT TIL RÉUNION ÞÁ STRÝK ÉG Í RAUN ÚR MEÐFERÐ, TVEIMUR DÖGUM ÁÐUR EN ÉG FER ÚT.**

Hann segir fjarlægðina frá verkunum í þennan tíma sem liðið hefur síðan hafa verið góða og nú sé hann tilbúinn að sýna þau.

„Ég sé núna hvað þau eldast vel og standa vel með sjálfum sér. Ég var að dútla mikið í þeim, laga þau til og ramma þau fínt inn. Valdi bestu málverkin og sýni þeim nú loks þá virðingu sem mér finnst þau eiga skilið."

Sýningin Útför á sólarströnd stendur út föstudaginn og er í Gallerí Mutt, Laugavegi 48.

steingerdur@frettabladid.is



Höggvum á hnútinn

Frídagar fyrir þá sem skulda smálán

BPO Innheimta hefur keypt kröfusafn Kredia, Hraðpeninga, Smálána, 1909 og Múla. Með þessum kaupum BPO á kröfusafninu hafa allir vextir og lántökukostnaður aðrir en hefðbundnir dráttarvextir verið felldir niður og hefur því óvissu um lögmæti verið eytt.

Til 15. maí býður BPO Innheimta öllum skuldurum, sem vilja leysa úr sínum málum án dráttarvaxta og innheimtukostnaðar, að ganga frá sínum skuldum óháð því hversu gamlar þær eru.

Öllum skuldurum býðst að gera upp einungis höfuðstól lánanna svo framarlega sem það er gert í síðasta lagi 15. maí og þá verða dráttarvextir og innheimtu-kostnaður felldur niður.

Til að greiða upp lán vinsamlegast hafið samband við þjónustuver í síma 454-7000 milli 9:00 og 16:00 virka daga. Aðeins til 15. maí. Eftir þann tíma verða kröfurnar innheimtar með dráttarvöxtum frá þeim degi sem lánið var tekið.

Leysum úr þessu saman!

bpo innheimta

Kaupum eldri kröfur

BPO Innheimta býður þeim sem eiga ógreidd lán hjá gömlu smálánafyrirtækjunum í lánasafni BPO Innheimtu og eiga einnig kröfu á þau vegna ofgreiddra vaxta eða annars lántökukostnaðar, að BPO Innheimta kaupi endurgreiðslurétt skuldara gagnvart smálánafyrirtækinu og lækki útistandandi lán í kröfusafninu til samræmis við þann kostnað sem sannarlega var ofgreiddur.

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur

Persónumörk

Við höfum lært margt síðustu þrettán mánuði. Eitt af því sem ég geri oft í starfi mínu er að standa við kirkjudyr og taka kannski í tvö til þrjú hundruð hendur að loknu helgihaldi. Nú er það þannig að ég tek ekki í nokkra hönd nema með sárafáum undantekningum. Þegar það gerist fer ég rakleitt inn á bað til að þvo mér eins og skurðlæknir fyrir aðgerð.

Eitt af því sem hrjáir mörg sem glíma við þráhyggju er óttinn við að snerta hendur annarra ásamt sífelldum handþvotti sem veldur því að húðin verður þrútin og meidd. Því vitum við að það er ýmsum léttir að þurfa ekki að taka í hendur. Svo eru líka þau sem upplifa faðmlag sem óvelkomna snertingu. Þar er skynjun fólks ólík eftir persónuleika og lífsreynslu. Margt fólk lifir í sífelldri glímu varðandi persónumörk sín og því er sú uppstokkun á snertivenjum sem nú fer fram mörgum kærkomin. Persónumörk eru ósýnileg en þau eru mikilvæg og ber að virða. Kannski hefur þessi tími gert það að verkum að við munum í framtíðinni spyrja fólk hvort það kjósi handtak eða faðmlag. Það væri alls ekki slæm niðurstaða. Það sem mér getur þótt eðlilegt og jafnvel elskulegt geta önnur upplifað sem skaðlegar eða ögrandi aðstæður.

Umliðna mánuði höfum við þurft að skerpa innsæi okkar við að lesa úr augnaráði yfir andlitsgrímur, greina líkamstjáningu og raddblæ til þess að átta okkur á samferðafólkinu. Líklega hefur tilfinningagreind og félagslegt innsæi þjóðarinnar vaxið við þessar aðstæður og mörg fundið til léttis að þurfa ekki að taka handaböndum eða faðmlögum án þess að vera spurð. Það er nefnilega hægt að eiga falleg samskipti og innihaldsríka samveru með fólki þar sem líkamleg snerting kemur ekki við sögu.

FRÉTTABLAÐIÐ

88,4%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

ASKJA

Straumurinn er í Öskju!

Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvinn- og tengiltvinnbíla frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn – við tökum vel á móti þér.

Rafmagnaðar staðreyndir

Daglegur akstur einstaklinga er oftast innan við 30 km.
Drægi tengiltvinnbíla (Plug-in Hybrid) er á bilinu 50–100 km.
Rafmagnið dugir því oftast nær til daglegra nota.

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is